



Hagstæðasta bílalánið **FRJÁLSI**

Hönnun og höfðingja

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. maí 2005 – 118. tölublað – 5. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

**ÞRIÐJUDAGUR**



**ÁTAK GEGN LÖGBRJÓTUM** Alþýðusamband Íslands hefur hafið sérstakt átak gegn ólöglegu vinnuafli í landinu. Átakið Einn réttur – ekkert svindl mun fremur beinast að þeim atvinnurekendum sem lög brjóta en verkafólkinu sjálfu. **Sjá síðu 2**

**VILJA BORGNA FYRIR STOFNANIR** Kaupfélag Eyfirðinga er tilbúið til að borgna ríkinu hundruð milljóna króna til að liðka fyrir flutningi opinberra starfa frá höfuðborgarsvæðinu norður á Akureyri. Horft er til Fiskistofu, Hafnarskólastofnunarinnar og fleiri stofnana. **Sjá síðu 4**

**UMHVERFISSTOFNUN GAGNRÝNIR IÐNAÐARRÁÐHERRA** Hjá stofnuninni ríkir óánægja með lítið vægi sem Umhverfisstofnun virðist hafa gagnvart öðrum málaflokkum. Sigurjón Þórðarson alþingismaður segir Orkustofnun vera í dekri hjá ríkisstjórninni. **Sjá síðu 6**

**VEDRIÐ Í DAG**

Fræmur hægur vindur víðast hvar

**VÍÐAST NOKKUÐ BJART** að deginum og þurr. Hiti 3-10 stig hlýjast suðaustan til. Þykkar upp í kvöld sunnan og vestan til. **Sjá síðu 4**



**FÓTBOLTI Í KVÖLD** Liverpool og Chelsea mætast í kvöld öðru sinni í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í fótbolta. Fyrri leikurinn endaði 0-0. Með Chelsea leikur Eður Smári Guðjohnsen. Leikurinn hefst klukkan hálf sjö og er sýndur á Sýn.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	22
Leikhús	26	Sjónvarp	28

**82%**

20-49 ára karla á sv-horninu lesa Fréttablaðið á föstudögum.\*

Peir eru m.a. að sækja í bílauglýsingar í smáauglýsingum – og það nýta bílasölur sér.

\*Gallup febrúar 2005

## Heimsmet í notkun geðlyfs fyrir börn

Notkun lyfja við ofvirkni og athyglisbresti barna og unglinga hefur margfaldast á örfáum árum. Heilbrigðisráðherra tók undir áhyggjur Ástu R. Jóhannesdóttur þingmanns Samfylkingarinnar. Landlæknir segir lyfjameðferð hjálpa í 75 prósentum tilvika.

**HEILBRIGÐISMÁL** Notkun geðlyfja við athyglisbresti og ofvirkni barna og unglinga hefur aukist um 76 prósent frá árinu 2002 og enn meira frá árinu 1999. Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna þessarar tegundar lyfja hefur á sama tíma fimm- til sexfaldast. Hann nam um 23 milljónum króna árið 2002 en nærri 130 milljónum króna í fyrra.



**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON LANDLÆKNIR**

Þetta kemur fram í svari Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur, Samfylkingunnar, en hún spyr hvort eðlilegt geti talist að á annað þúsund barna taki slík lyf að staðalri. Horft er til virka efnisins methylphenidat, sem þekktara er undir heitinu Ritalin. Ávanahætta fyrir börn er ekki talin mikil, en engu að síður er ráðið frá því að ávísa lyfinu til fíkla. Samkvæmt gögnum Eftirlitsstofnunar Sameinuðu þjóðanna var notkun lyfsins hvergi meiri en á Íslandi árið 2003. Næstmest var notkunin í Banda-

ríkjunum en þar í landi hafa áhyggjur af hugsanlegri ofgreiningu á athyglisbresti vaknað. Í svari heilbrigðisráðherra segir jafnframt að ofvirkni og athyglisbrestur sé greindur út frá hegðun barnanna og það séu fyrst og fremst barnalæknar með sérfræðiréttindi sem hefji lyfjameðferð. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra tekur undir áhyggjur fyrirsprjanda og ætlar að leita til landlæknis og Miðstöðvar heilsuverndar barna um það hvernig bregðast skuli við. Sigurður Guðmundsson land-

læknir segir að að minnsta kosti tvö prósent barna séu greind með athyglisbrest og ofvirkni og bendir á að sé rétt að málum staðið geti lyfjameðferð gert gagn í allt að þremur tilvikum af fjórum. „Það er hins vegar einnig rétt að greining þessa sjúkdóms er háður frásögnum og það getur stundum orðið til þess að börnin eru meðhöndluð þegar rót vandans er hugsanlega hjá foreldrunum.“ Sigurður segir vísbendingar um að ekki sé um frekari aukningu að ræða í notkun geðlyfsins.

johnanh@frettabladid.is



**BRUNI Í HRINGRÁS** Flytja þurfti brennandi bílhræ nær vatnsslöngu á athafnasvæði Hringrásar í Reykjavík í gær. Á innfelleddu myndinni má sjá starfsmenn athafna sig eftir að eldurinn var kominn í færi við slönguna. Stórbruni varð í Hringrás í nóvember í fyrra.

### Bruni í Hringrás: Bálið flutt að slöngunni

**BRUNI** Eldur kom upp í bílhræi við endurvinnslustöðina Hringrás þegar verið var að pressa það um fjögurleytið í gær. Vatnsslangan sem starfsmenn hafa í að grípa í tilfellum sem þessum var ekki lengri en svo að hún náði ekki á brunastað og því þurfti að flytja brennandi bílhræið nær slöngunni til að slökkva eldinn. „Þetta er hálfgerð garðslanga hjá þeim,“ sagði einn slökkviliðs-

maður sem Fréttablaðið talaði við. „Ef eldur kemur upp í dekkjáhjúgunni þá ráða þeir ekki við neitt,“ bætti hann við. Mönnum er enn í fersku minni stórbruninn sem varð í Hringrás í nóvember á síðasta ári en þá varð að rýma fjölda húsa í grenndinni. Að sögn Bjarna Kjartanssonar, sviðsstjóra forvarnarsviðs Slökkviliðsins, er fyrirtækið

undir miklu eftirliti eftir stórbrunann. „En við höfum ekki haft áhyggjur af Hringrás því þar hefur þetta verið í skaplegu ástandi en af sjálfsögðu ættu þeir að hafa viðunandi slöngu á svæðinu,“ bætti hann við. Elly J. Vilhjálmssdóttir, sviðstjóri umhverfissviðs Reykjavíkur, ætlar að heimsækja Hringrás nú í morgunsárið og athuga hvað gerðist. – jse

### Eldur í togara: Rak úti á ballarhafi

**ÚTGERÐ** Togarann Wisbaden rak stjórnlaust úti á ballarhafi í fjórta klukkutíma í fyrrinótt og í gær eftir að eldur hafði komið upp í rafmagnstöflu. Greiðlega gekk að slökkva eldinn og engum varð meint af. Skemmdir urðu ekki miklar en togarinn varð rafmagnslaus. Ekki var stætt á öðru en að sigla í Hafnarfjarðarhöfn eftir að rafmagn komst á en þar fóru frekari viðgerðir fram. Samkvæmt upplýsingum frá Samherja, sem gerir togarann út, stóð til að leggja í hann aftur í gærkvöld, því að aflinn væri sáralítill. – jse



**TOGARINN WISBADEN**

### Tekjur dragast saman: deCode tapar milljarði

**VIÐSKIPTI** Tekjur deCode á fyrsta ársfjórðungi voru 9,5 milljónir Bandaríkjadala eða tæpar 600 milljónir króna og drógust þær saman um átta prósent milli ára. Fyrirtækið birti tölurnar í gær. Tap fyrirtækisins eftir skattana nam 16,9 milljónum Bandaríkjadala eða rúmlega milljarði króna, sem er einnig aukning milli ára. Ein af meginástæðum aukins taps er sögð vera hærri þróunar- og rannsóknarkostnaður tengdur lyfjapróun fyrirtækisins. – dh



## SPURNING DAGSINS

Ögmundur, er ástæða til að óttast Steingrím J.?

Nei, enda auður hans ekki mikill. Það þyrfti ekki að jafna kjörin í landinu mikið til að allir yrðu auðmenn af þessari stærðargráðu.

Ögmundur Jónasson varði við auðmönnum í 1. maí ræðu sinni. Steingrímur J. Sigfússon á hlutabréf í átta fyrirtækjum.

Úrvinnsla samræmdra prófa tefst:

# Útskrift án prófskírteina

**GRUNNSKÓLARNIR** Margir grunnskólar landsins útskrifa nemendur sína úr tíunda bekk í vor án þess að geta afhent þeim prófskírteini. Samræmdu prófunum var seinkað vegna tafa á skólastarfi sem urðu út af kennaraverkfallinu. Sigurgrímur Skúlason, sviðstjóri prófádeildar Námsmatsstofnunar, sagði allt líta út fyrir að hægt væri að skila prófskírteinum 6.-8. júní.

En betur má ef duga skal því skólaslit eru fyrirhuguð í mörgum

grunnskólum fyrir þann tíma. Þorsteinn Sæberg, skólastjóri Árbæjarskóla, sem ætlar að slíta sínum skóla 6. júní, segir að óhjákvæmilega verði skólaslitin með öðrum blæ en venjulega og þykir það miður. Honum hefði þótt eðlilegt ef reynt hefði verið að flyta yfirferð prófanna til að gera skólunum mögulegt að ljúka skólastarfi með eðlilegum hætti. Fleiri stórir skólar eiga að öllum líkindum eftir að lenda í sömu vandræðum. Það er því ljóst að allstór hluti



ÁRBÆJARSKÓLI

Nemendur Árbæjarskóla fara út í sumarið án þess að fá einkunnir úr samræmdum prófum.

tíundubekkinga fer út í sumarið prófskírteinalaus. - óá

Norsk flugvél:

## Magalenti í Hammerfest

**NOREGUR** Norsk farþegaflugvél magalenti á flugvelli í Hammerfest í Noregi á sunnudag. Engin alvarleg slys urðu á fólki.

Vélin er af gerðinni Dash-8 og um borð í henni voru 27 farþegar og þriggja manna áhöfn. Vélin var að koma inn til lendarar og vegna sviptivinda ákvað flugmaðurinn að hætta við landingu. Í sama mun skall sterkur vindsvæpur á vélinni sem skall harkalega á flugbrautinni.

Lendingarbúnaður öðru megin brotnaði og rann vélin stjórnlaust eftir brautinni. Hún stöðvaðist 20 metrum frá bensindælum. ■

## Hörmulegt slys: Hundur drap stúlku

**DANMÖRK** Hundur beit átta ára gamla stúlku í Danmörku til bana um helgina. Atburðurinn átti sér stað í bænum Lihme við Limafjörð á Jótlandi. Hundurinn sem var af tegundinni Briard var aflífaður þegar í stað.

Stúlkan var gestkomandi á heimili vina sinna þegar þetta gerðist en tveggja ára gamall hundur fjölskyldunnar var bundinn úti í garði. Hún gekk að honum til að klappa honum en þá réðst hann skyndilega á hana og beit hana í hálsinn.

Briard-hundar eða brú eins og hann heitir á íslensku eru franskir að uppruna, á stærð við labradorhunda og að öllu jöfnu taldir meinlausir. ■

## Sprenging í vopnabúri: 28 biðu bana

**KABÚL, AP** Að minnsta kosti 28 biðu bana og 13 særðust þegar vopnabúri sem geymt var í kjallara á heimili afgansks stríðsherra sprakk í loft upp. Atburðurinn átti sér stað í þorpinu Bashgah, 125 kílómetra norður af Kabúl. Sprengingin var svo öflug að hús í nágrenninu stórskemmdust, þar á meðal moska þorpsins.

Allstór hluti landsins er undir stjórn svonefndra stríðsherra og einkaherja þeirra. Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa undanfarnir misseri reynt að fá þá til að skila vopnum sínum sem mörg hver eru komin til ára sinna en það hefur gengið erfiðlega. ■

## LÖGREGLUFRETTIR

### HVALFJARÐARGÖNGIN LOKUÐUST

Loka varð Hvalfjarðargöngunum um stuttan tíma um miðjan dag í gær vegna áreksturs sem þar varð. Ekki var um meiðsl á fólki að ræða og komst umferð á að nýju tíu mínútum seinna.

# Skera upp herör gegn lögbrjótum

Alþýðusamband Íslands hefur hafið sérstakt átak gegn ólöglegu vinnuafli í landinu. Átakið Einn réttur – ekkert svindl mun fremur beinast að þeim atvinnurekendum sem lög brjóta en verkafólkinu sjálfu.

**ATVINNUMÁL** „Takmarkið er að útrýma ólöglegu vinnuafli hér á landi með öllum þeim ráðum sem við höfum,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Sambandið hefur í samstarfi við sín aðildarfélög sett af stað sérstakt átak, Einn réttur – ekkert svindl, gegn þeim atvinnurekendum sem misnota erlent vinnuafli til að skapa sér samkeppnisforskot.

Þeim hefur fjölgað til muna hérlendis sem ráða til margvælegra starfa fólk erlendis frá og oftast nær á mun lægri launakjörum en hér tíðkast. Hefur verkalyðshreyfingin gagnrýnt stjórnvöld fyrir hægagang gagnvart þeim er brjóta lög með þeim hætti og vonast er til að hugarfarsbreyting verði á æðstu stöðum með þessu framtaki. Grétar segir ekki veita af, því það erlenda



VIÐ KÁRAHNJÚKA

í kjölfar þess að Impregilo notaði erlendar áhafnarleigur til að verða sér úti um vinnuafli hafa íslenskir atvinnurekendur séð sér leik á borði. Eðli málsins samkvæmt veit þó enginn hversu margir ólöglegir verkamenn starfa hér á landi en talið er að þeir skipti nokkrum tugum ef ekki hundruðum.



NÓG KOMIÐ

Eitt skal yfir alla ganga og munu eftirleidis tveir starfsmenn ASÍ sérstaklega vera á varðbergi gagnvart ólöglegu vinnuafli.

vinnuafli sem hér vinnur fyrir brot af þeim launum sem Íslendingar fá sé ógn við það samfélag sem landinn býr við.

„Félagsleg undirboð af þessum toga ógna því samfélagi sem við höfum barist í áratugi við að koma á fót og með þessu átaki er ætlunin að bregðast við. Það höfum við verið að gera hingað til en nú skerum við upp herör gegn starfsemi af þessu tagi og höfum til að mynda sérstaklega ráðið tvo aðila til þess að vinna að átakanu. Þeirra hlutverk verður fyrst og fremst kynning og eftirlit en einnig að uppræta ólöglega atvinnustarsemi og félagsleg undirboð með því að koma upplýsingum um slíkt á framfæri við stjórnvöld.“

Alþýðusambandið hefur af þessu tilefni gefið út upplýsingabæklinga fyrir erlent verkafólk en einnig upplýsingar um erlent vinnuafli fyrir þá atvinnurekendur sem margir hverjir þekkja ekki hvaða lög gilda um erlenda starfsmenn.

Grétar segist vona að átak sem þetta dugi til að stemma stigu við þeirri fjölgun ólöglegra starfsmanna sem raun virðist vera á hér á landi en ekkert er vitað um raunverulegt umfang þess á landsvísi. „Þegar árið er liðið förum við yfir stöðuna og hverju átakið hefur skilað og höldum því áfram ef ástæða þykir til.“

albert@frettabladid.is

Ungmenni með fíkniefni:

## Þrettán ára í forsvari

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi gerði húsléit í Hveragerði um síðustu helgi vegna gruns um að fíkniefnaneysla væri þar viðhöfð og reyndist sú raunin. Eigandi hússins var þó hvergi sjáanlegur en í hans stað hafði 13 ára drengur lykjavöldin og umboð húseigandans meðan hann hafði brugðið sér til mánaðar vinnudvalar.

Lögreglunni hafði tveim dögum áður borist grunur um að húseigandinn veitti ungmennum fíkniefni og áfengi í húsi sínu en við húsléit fundust aðeins tól til fíkniefnaneyslu en engin fíkniefni. Í seinni húsléitinni fundust hinsvegar amfetamín og kannabísefni en enginn húseigandi.

- jse

Kjarnavopn:

## Sáttmálinn endurmetinn

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti Bandaríkjamenn



KOFI ANNAN

og Rússa í gær til að skera kjarnavopnabirgðir sínar niður svo að hvor þjóð myndi aðeins hafa yfir nokkur hundruð kjarnaoddu að ráða.

Mánaðarlöng ráðstefna samtakanna um endurskoðun sáttmálans um takmörkun kjarnavopna hófst í gær en 35 ár eru síðan hann gekk í gildi. 189 ríki eiga aðild að sáttmálanum. Norður-Kóreuemenn sögðu sig nýlega frá sáttmálanum og Íranar eru að reyna að koma sér upp kjarnavopnum. Því óttast menn að sáttmálinn geti verið í hættu. ■

Olíufélagin borgi sekt sína:

## Greiðslufresturinn liðinn

**OLÍUFÉLÖGIN** Samkvæmt úrskurði Samkeppnisstofnunar áttu olíufélagin að greiða sekt upp á rúmlega einn og hálfan milljarð vegna ólöglegs verðsamráðs. Í gær rann svo út fresturinn sem þau höfðu til að standa skil á sínum greiðslum. Aðspurður sagðist Stefán Kjærnestad, varafjárslustjóri ríkisins, ekki hafa heimild til að gefa upp hvort olíufélagin hefðu innt greiðslur sínar af hendi en þau hefðu þó frest til klukkan fimm til að millifæra.

Jónas Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Olíufélagsins, sagði Olíufélagið ekki ætla að greiða sinn hluta fyrir en fjármálaráðuneytið hefði svarað formlega spurningum um bankaábyrgð. Þó væri ekki ætluð Olíufélagsins að skorast undan því að greiða sinn hluta, einungis að hafa allt á hreinu.



OLÍUTANKAR VIÐ ÖRFIRISEY  
Olíufélagin áttu að borga sektirnar í gær.

Árni Ármann Árnason, fjármálastjóri Skeljungs, sagði Skeljung hafa greitt sinn hluta án atugasemda fyrir frestinn enda

væri stefna félagsins að borga alla reikninga án tafar. Ekki náðist í fjármálastjóra Olis við gerð þessarar fréttar. - óá

**NISSAN**  
PATHFINDER XE

SKIPT\_um landslag

**Beinskiptur 3.990.000 kr.**

• 2.5 L bensínvél	• Fjarstýrðar samlæsingar	• ISOFIX barnabílastöfingargar
• 174 hestöfl	• Geislaspihari og útvarp	• 17 tommu álfelgur
• Tvöföld loftkæling	• ABS + EBD	• ESP skriðvörn
• 5 sæta	• 4 loftpúðar	• Gardinuloftpúðar

**Ingvar Helgason** Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

**Virk  
samkeppni  
– lækkað  
verð**

**KRÓNAN**  
VIRK SAMKEPPNI

# ÓDÝRAST Í KRÓNUNNI skv. Mbl. 29. apríl

Pökkum frábær viðbrögð  
við nýrri verðstefnu okkar.  
Án ykkar gætum við ekki veitt virka  
samkeppni og verið með lágsta  
vöruverð á matvörumarkaðinum.

Auk lægra vöruverðs er KRÓNAN með  
meira vöruúrval og lengri afgreiðslutíma!

Verðkönnun Morgunblaðs-  
ins í lágvöruverðsverslunum

Matarkarfan í ...	
Krónunni	3.475 kr.
Bónus	3.532
Kaskó	4.812
Nettó	5.587

skv. verðkönnun Morgunblaðsins 29. apríl

**Krónan lægst**



**Virk  
sam-  
keppni**

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT  
11-19 10-19 11-21 11-21 11-21 11-19

REYÐARFJORDUR / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / HÖFN / ÞORLÁKSHÖFN  
11-19 11-24 11-19 11-19 11-19

virkir dagar 11-20  
laugardagar 11-18  
sunnudagar 11-16

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 02.05.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,95	63,25
Sterlingspund GBP	119,88	120,46
Evra EUR	80,98	81,44
Dönsk króna DKK	10,88	10,94
Norsk króna NOK	9,95	10,01
Sænsk króna SEK	8,81	8,86
Japanskt jen JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	95,13
		95,69

Gengisvísitala krónunnar  
112,06 +0,75%

Heimild: Seðlabanki Íslands

## Tveir dagar til þingkosninga í Bretlandi: Forskot Verkamannaflokksins eykst

**BRETLAND** Verkamannaflokkurinn virðist vera að auka forskot sitt ef marka má skoðanakannanir. Þetta veldur forystu flokksins áhyggjum því þeir óttast að forskotið geri stuðningsmenn sína svo værukæra að þeir sitji heima á fimmtudaginn þegar gengið verður til kosninga.

Dagblaðið The Times birti í gær könnun sem sýnir að Verkamannaflokkurinn fengi 42 prósent ef kosið yrði nú. Íhaldsflokkurinn 29 prósent og frjálslyndir demókratar 21 prósent. Könnun

MORI-stofnunarinnar sýnir hins vegar að 36 prósent þeirra sem eru harðákveðin í að mæta á kjörstað ætla að kjósa Verkamannaflokkinn, 33 íhaldsmenn og 22 frjálslynda. Þótt stjórnin hefði nokkuð tryggan meirihluta væru þetta lyktir kosninganna þá myndi þessi staða samt gera Blair erfiðara fyrir að halda uppi flokksaga á ögurstundu.

Íraks málin voru enn aðalræðuefnið á kosningafundum og í fjölmiðlum í gær. Greg Dyke, fyrrverandi forstjóri BBC, sagði á



MÆTIÐ Á KJÖRSTAÐ OG KJÓSIÐ RÉTT  
Tony Blair óttast að gott gengi í könnunum þýði að færri mæti á kjörstað eða kjósi aðra flokka til að refsa ríkisstjórninni.

blaðamannafundi með frjálslyndum að áframhaldandi seta Blairs á valdastóli væri hættuleg lýðræðinu. Dyke hrökklaðist úr embætti á

síðasta ári eftir að Hutton lávarður kenndi BBC um atburðarásina sem leiddi til sjálfsvígs vopnasérfræðingsins Davids Kelly. ■

## Tveggja milljóna krafist: 18 ára stúlkur fyrir rétt

**DÓMSMÁL** Húseigandi krefst tveggja milljóna króna af þremur átján ára stúlkum í bætur fyrir tjón sem þær eru sakaðar um að hafa valdið á heimili hans. Stúlkunum er gefið að sök að hafa skemmt húsgögn þegar þær voru þar í teiti fyrir tveimur árum.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en að sögn verjanda er talið líklegt að málinu verði vísað frá vegna ónægilegs rökstuðnings. Ein stúlkanna hefur þó játað að hafa átt sök á einhverjum skemmdum en ein þeirra kveðst ekki hafa verið á staðnum umrætt kvöld heldur víðsfjarri með húseiganda sjálfum.

-jse

## Útlendingar í Írak: Enn eitt mannránið

**BAGDAD, AP** Enn einum útlendingnum hefur verið rænt í Írak en í gær birtu uppreisnarmenn myndband af áströlskum verkfræðingi sem þeir hafa í haldi sínu. Hann hvatti leiðtoga vestrænna ríkja til að draga heri sína frá landinu. John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, lýsti því strax yfir í gær að ekki yrði samið við hryðjuverkamenn.

Traian Basescu, forseti Rúmeníu, sagðist í gær fullviss um að þrír rúmenskir blaðamenn sem rænt var í mars væru enn á lífi þrátt fyrir að Rúmenar hefðu ekki kallað herlið sitt heim.

200 útlendingum hefur verið rænt í Írak síðastliðin tvö ár, 30 þeirra hafa verið teknir af lífi. ■

# Vilja ríkisstofnanir til Akureyrar

KEA er tilbúið að greiða hundruð milljóna króna vegna flutnings opinberra starfa frá höfuðborgarsvæðinu til Akureyrar. Fiskistofa, Hafrannsóknastofnunin, Íslenskar orkurannsóknir og Hagstofan eru stofnanir sem Akureyringar renna háru auga til.

**RÍKISSTÖRF** Stjórn Kaupfélags Eyfirðinga hefur óskað eftir viðræðum við sjávarútvegsráðherra um flutning á meginstarfsemi Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunarinnar til Akureyrar og er KEA tilbúið að greiða kostnaðinn við flutninginn. KEA hefur einnig ákveðið að rita iðnaðarráðherra og einkavæðingarnefnd bréf þar sem óskað verði eftir viðræðum um kaup á Íslenskum orkurannsóknnum (ÍSÖR). Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, segir félagið tilbúið að leggja fram hundruð milljóna króna vegna flutnings Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunarinnar til Akureyrar og kaups KEA á ÍSÖR.

Andri segir kostnaðinn við flutning á Fiskistofu einni og sér á bilinu 50 til 100 milljónir króna. „Við vitum ekki hver kostnaðurinn er við að flytja starfsemi Hafrannsóknastofnunar til Akureyrar og heldur ekki hvað ríkið vill fá fyrir Íslenskar orkurannsóknir en velta félagsins er um hálfur milljarður króna. Allar þessar þrjár stofnanir eru núna með starfsemi bæði á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri en við teljum að hægt sé að vinna mörg verkefni á þeirra vegum betur frá Akureyri og með minni tilkostnaði.“ segir Andri.

Magnús Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, fagnar framtaki KEA. „Með tilliti til byggðáætlunar get ég ekki séð hvernig ríkið getur slegið á þessa hönd. Opinberum störfum á Akureyri fækkaði um nú í fyrra og ef



ANDRI TEITSSON

„Nú biðum við bara svara frá ríkisvaldinu,“ segir Andri, en hann er framkvæmdastjóri KEA sem vill yta undir að ríkisstofnanir komi til Akureyrar.

stjórnvöld þiggja ekki þessa fjármuni frá KEA þá hefur varla verið mikil alvara á bak við byggðáætlunina þar sem segir að unnið verði að flutningi opinberra starfa og verkefna til Akureyrar,“ segir Magnús.

Andri Teitsson segir að auðveldlega megi flytja fleiri ríkis-

stofnanir til Akureyrar. „Hagstofu Íslands mætti vandalaust flytja til Akureyrar. Hér er töluvert af lausu skrifstofuhúsnæði og því mun húsnæðisekla ekki setja strik í reikninginn varðandi flutning opinberra stofnana til Akureyrar,“ segir Andri.

kk@frettabladid.is



LYNNIE ENGLAND

## Lynndie England: Biður löng tukthúsvist

**TEXAS, AP** Lynndie England, sem varð fræg að endumum í fyrra fyrir þátt sinn í misþyrmingum á íröskum fongum í Abu Ghraib fangelsinu, víðurkenndi sekt sína fyrir herrétti í Fort Hood í Texas í gær. Upphaflega var ákæran í níu liðum en tveir voru felldir niður gegn því að hún játaði sök. Hennar gæti beðið allt að ellefu ára dvöl í fangelsi.

Myndir af England þar sem hún hæddi og niðurlægði íraska fanga vöktu reiði um allan heim í fyrra. Lögfræðingar hennar segja að hún hafi einfaldlega verið að hlýða skipunum en engar vísbendingar hafa fundist sem renna stoðum undir þær ásakanir. ■

## SERBÍA

**67 ÁRA ÓFRÍSK KONA** Zlatja Jovic, 67 ára serbnesk kona, er ófrísk af sínu fyrsta barni að sögn þarlendrar sjónvarpsstöðvar. Ekki er vitað hvort Jovic hafi orðið þunguð með aðstoð frjósemislyfja en fá, ef nokkur, dæmi eru um svo fullorðna ófríska konu. Hún og eiginmaður hennar, sem er 53 ára, óska þess að frumburðurinn verði sonur.


## Veðrið

**VONDAR NORÐLÆGAR ÁTTIR**  
Hann er norðvestanstaður á landinu í dag og hér norður á hjara veraldar er alltof snemmt að fá norðlægar áttir svona snemmsumars. Þær gera mikið bakslag í sumarkomuna. Það versta er, að slíkar áttir verða viðloðandi fram á helgina ef fer sem horfir. Oj bara!!!  
**TIL ÚTLANDA**  
Það er einmitt þegar svona kuldakast kemur að fólk spáir í hvert það geti komist í betra veður. Sjáiði veðrið í Milanó, San Francisco nú eða Madrid. Flott þarna!!




Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur


## Um hádegi í dag



## Á morgun



## Fimmtudagur



## Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	20°C rigning	Paris	20°C hálfskýjað	Alicante	27°C hálfskýjað
Osló	10°C skýjað skúr	Berlín	24°C hálfskýjað	Milano	24°C heiðskírt
Stokkhólmur	11°C alskýjað	Amsterdam	17°C skýjað skúr	New York	16°C léttskýjað
Helsinki	6°C rigning	Madrid	23°C hálfskýjað	San Francisco	21°C léttskýjað
London	19°C hálfskýjað	Barcelona	21°C hálfskýjað	Orlando/Florida	28°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggó á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

**Avaxtakarfan**  
I AUSTURBÆ

**Birgitta**  
Gadda Gullrot

Að lokinni sýningu  
Fimmtudaginn 5. Maí munnu  
leikarar spjalla við gesti  
um einelti og fordóma.

SPARISJÓÐURINN

Miðasala í Austurbæ opin  
alla daga frá kl. 14 til kl. 18  
pantanir í síma 551 4700  
www.avaxtakarfan.is

Fimmtudagur 5. Maí kl: 14:00  
Sunnudagur 8. Maí kl: 13:30  
www.midi.is



**Kährs** parket  
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

# DAGAR

Vorum að fá **15.000 fermetra** af gæða Kährs parketi á sérstöku tilboðsverði.

Eik normal, þriggja stafa með viðarlæsingu  
**Verð: kr. 3.290 m<sup>2</sup>** staðgr.

Eik plankaparket, tveggja stafa með viðarlæsingu  
**Verð: kr. 3.990 m<sup>2</sup>** staðgr.



Borðleggjandi gæði

**Egill  
Arnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - [www.egillarnason.is](http://www.egillarnason.is)



## KJÖRKASSINN

Tókstu þátt í hátíðarhöldunum 1. maí?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	12%
Nei	88%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er Eiður Smári Guðjohnsen besti knattspyrnumaður Íslands frá upphafi?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Sýnt fram á virkni náttúruafna gegn eyrnabólgu í börnum:

## Lausn án sýklalyfja

**HEILBRIGÐISMÁL** Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum lækna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi að náttúruafni virka vel við bráðri eyrnabólgu og hefur uppgötvunin vakið athygli erlendis.

Þetta er í fyrsta sinn sem sýnt er fram á að útvortis meðferð hafi sannarlega áhrif en hugmyndin að rannsókninni vaknaði eftir að Guðrún Sæmundsdóttir, móðir barna sem ítrekað fengu eyrnabólgu, hélt því fram að henni hefði tekist að lækna börn sín með kjarnaolíu. Frekari rannsóknir Karls G. Karlssonar, yfirmanns

sýklafræðideildar LSH, staðfestu niðurstöðu Guðrúnar.

Þessi uppgötvun býður upp á meðferð án sýklalyfja en notkun slíkra lyfja hérlendis er mun meiri en gerist erlendis. Slíkt hefur leitt til lyfjaónæmis hjá fjölmörgum einstaklingum en eyrnabólgu eru algengasti heilsuvandi ungra barna.

Meðan margir hafa reynt náttúruylf við ýmsum kvillum reyndist lausnin hjá Guðrúnu felast í að notast eingöngu við gufurnar frá kjarnaolíu í stað þess að bera hana beint á eins og algengt er.



### ALGENGASTI KVILLI SMÁBARNA

Margir foreldrar hafa upplifað andvökunætur vegna eyrnabólgu afkvæma sinna og eina lausnin hingað til verið fúkkalyf.

Nýjasta útgáfa fagtímaritsins Journal of Infectious Disease fjallar um niðurstöður lækna.

- aðe

## Erfðabreytt matvæli: Landvernd vill merkingar

**MATVÆLAIDNADUR** Landvernd vill að íslensk stjórnvöld taki tafarlaust upp reglur Evrópusambandsins um merkingar á matvælum og fóðri úr erfðabreyttum lífverum. Samtökin hvetja jafnframt til varfærni í tilraunum með erfðabreyttar lífverur.

Erfðabreyttar afurðir, fóður og matvæli eru nú þegar flutt til landsins, fyrst og fremst frá Bandaríkjunum. Framleiðendur landbúnaðarafurða og neytendur almennt eru þó ómeðvitaðir um þessar vörur þar sem þær eru allar ómerktar enn sem komið er.

- ssa

## Framsókn og Bifröst: Prófessorsstaða stofnuð

**SAMVINNUFRÆÐI** Í tilefni af því að 120 ár eru liðin frá fæðingu Jónasar frá Hríflu hafa Framsóknarflokkurinn og Viðskiptaháskólinn á Bifröst undirritað viljayfirlýsingu um stofnun prófessorsstöðu í samvinnufræðum sem kennd verður við Jónas.

Að sögn Runólfs Ágústssonar rektors þá hvíla samvinnufræðin á gömlum merg en hafa þó rutt sér til rúms að nýju, til að mynda í bandarískum háskólum.

Framsóknarflokkurinn og Viðskiptaháskólinn hyggjast í sameiningu tryggja fjármögnun prófessorsstöðunnar en fullyrðir Runólfur þó að væntanlegur prófessor fái fullt akademískt frelsi og þurfi ekki að svara Framsóknarflokknum til um eitt eða neitt. Framsókn hafi einfaldlega viljað minnst Jónasar með þessum hætti.

-óá

## LETTLAND

### STÁLU HÁLFU TONNI AF SÚKKULAÐI

Stórtækir nammiþjófar brutust inn í sælgætisverslunina Laima í Riga, höfuðborg Lettlands, um helgina. Þeir vildu bara súkkulaði og höfðu hvorki meira né minna en 500 kíló af því á brott með sér. Nafn verslunarinnar þýðir lukka.

## Orkustofnun í dekri hjá ríkisstjórninni

Umhverfisstofnun gagnrýnir frumvarp iðnaðarráðherra um vatnalög. Starfsmönnum hennar finnst umhverfismál hafa lítið vægi gagnvart öðrum málaflokkum. Sigurjón Þórðarson þingmaður segir Orkustofnun í dekri.

**STJÓRN MÁL** Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, segir frumvarp Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra til vatnalaga vera gallagrip og telur það bera vott um að Orkustofnun sé í dekri hjá ríkisstjórninni.

„Ég hef sjaldan lesið harkalegri umsögn frá opinberri stofnun um stjórnarfrumvarp ríkisstjórnar en umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp Valgerðar til vatnalaga,“ segir Sigurjón. „Ég tel það mjög alvarlegt að ríkisstjórnin hefur að engu gagnrýni Umhverfisstofnunar og ætlar að keyra þetta í gegn án þess að svara henni með einhverjum rökum. Þó liggur ekkert á með þessi lög. Er nema von að umhverfissamtök haldi því fram að umhverfisráðuneytið dansi í takt við fyrirmæli úr iðnaðarráðuneytinu,“ bætir hann við.

Umhverfisstofnunin telur frumvarpið stangast á við alþjóðlegar viðmiðanir og skuldbindingar Íslands og leiði til réttaróvissu almennaréttar og vatnsnýtingar.



### SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Sigurjóni þykir undrun sæta að alvarleg og ítarleg umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp iðnaðarráðherra skuli vera að engu höfð.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins heyrast innan Umhverfisstofnunar óánægjuraddir vegna þess hve málaflokkar Orkustofnunar vegi þungt miðað við málefni Umhverfisstofnunar.

David Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, vildi þó ekki meina að þessi vinnubrögð stjórvalda vægju að hlutverki stofnunarinnar en hafði þó ýmislegt út á þau að setja. „Mér þykir það miður ef Alþingi ætlar að vinna þetta með þessum hætti. En það hefur jú fullan rétt til þess að taka ekki tillit til ábendinga okkar. Ég veit

að Orkustofnun hefur svarað umsögn okkar til iðnaðarnefndar en okkur hafa ekki borist þau svör formlega og því getum við ekki veitt nein andsvör, en það hefði mér þótt eðlilegast.“

Spurður hvort hann teldi að Orkustofnun væri í dekri hjá ríkisstjórninni á kostnað Umhverfisstofnunar sagðist hann ekki telja að svo væri. Hins vegar taldi hann löngu tímabært að umhverfismál öðluðust meira vægi í þjóðfélaginu.

EKKI NÁÐIST Í Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra. - jse



**BORGARSTJÓRI OG FORSTJÓRI** Steinnur Valdís Óskarsdóttir og Ásgeir Eiríksson hjóluðu í vinnuna í morgun.

## Átak ÍSÍ: Hjólað í vinnuna

**ÁTAKS- OG HVATNINGARVERKEFNI** Hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna hófst formlega í gær með morgunverði í Húsdýragarðinum. Þar fluttu Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri ávörp ásamt fleirum.

Fleiri en 240 vinnustaðir hafa skráð yfir 330 lið til þátttöku þetta árið og þegar á fyrsta degi höfðu þátttakendur lagt að baki yfir 35.000 kílómetra sem jafngildir meira en 25 hringjum umhverfis landið. Átakið er á vegum Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ), stendur til 13. maí og geta áhugasamir fylgst með gangi mála á vefsíðu íþróttasambandsins, [www.isisport.is](http://www.isisport.is).

-óá

Bæjaryfirvöld á Héraði:

## Kaupa 100 flugmiða

**FERÐAÞJÓNUSTA** Til að auka líkur á beinu flugi á milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar í sumar hafa bæjaryfirvöld á Fljótsdalshéraði ákveðið að kaupa 100 farmiða af Ferðaskrifstofu Austurlands.

Flugið er samstarfsverkefni Ferðaskrifstofu Austurlands og Trans - Atlantic á Akureyri og er áformað að fljúga til Kaupmannahafnar einu sinni í viku í sumar og á hálfsmánaðarfresti næsta vetur.

- kk

Grunnvatnsmengun í Banglades:

## Arsenik dregur milljónir til dauða

**MENGUN** Eitt mesta mengunarslys sögunnar á sér nú stað í Banglades. Sænska dagblaðið Dagens Nyheter segir frá því að um 35 milljónir manna í Banglades neyðist til að drekka vatn sem er arsenikmengað. Vatnið kemur úr brunnnum sem vestrænar hjálparstofnanir hafa meðal annars látið grafa.

Mengunin stafar af náttúrulegum orsökum; berggrunnurinn er arseníkríkur og mengar þannig vatnið. EKKI BÆTIR ÚR SKÁK AÐ MIKIL MENGUN ER Á ÞESSUM slóðum vegna áburðarotkunar og óþrifnaðar sem veldur því að yfirborðsvatn er ekki síður mengað.

Að sögn Dagens Nyheter er þetta mengunarslys mun alvarlegra en stærstu mengunarslys sögunnar svo sem kjarnorkuslysið í Tsjernóbyl 1986 og eituru



### Í BANGLADESS

Þessa dagana á sér stað mikið mengunarslys í Banglades. Milljónir manna neyðast til að drekka arsenikmengað vatn daglega með skefilegum afleiðingum.

efnaslysið í Bophal á Indlandi 1984. Munurinn er bara sá að í Banglades nær þessi arsenikmengun yfir stórt svæði og

mengunin dregur fólk til dauða á löngum tíma. Slys þar sem margir farast samtímis vekja mun meiri eftirtekt. ■

YAMAHA 2005 ÁRGERÐ

Lífið er ævintýri  
upplifðu það



### XT660R

Stundum vill maður einfaldlega komast burt frá öllu saman – halda út í óvissuna og minna sig þannig á hvað lífið raunverulega snýst um. Þess vegna er XT660R til – svo þú getir látið drauminn um ævintýri rætast.

Komdu, kynntu þér málið og njóttu þeirrar upplifunar að reynsluaka XT660R.

Verð frá 847.000 kr.

Nýbýlavegi 2 • 200 Kópavogi • S. 570 5300



**YAMAHA**

Touching Your Heart

[www.yamaha.is](http://www.yamaha.is)

Svefn & heilsa




SVEFN & HEILSA  
FYRIR ÞÍNAR  
BESTU  
STUNDIR

Veldu það besta!

TOLLI LISTMÁLARI

SOFÐU VEL Í SUMAR



EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



Svefn & heilsa



Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



## VEISTU SVARIÐ?

**1** Hvaða íslenski körfuboltaaður varð Evrópumeistari á dögumum?

**2** Hvað heitir breska tiskukeðjan sem vill skrifa sig í Kauphöll Íslands?

**3** Hvaða breska hljómsveit kom smáskífu sinni beint inn á topp tíu vinsældalistann í Bandaríkjunum?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

# Franskur varnarmálasérfræðingur: NATO getur ekki verið vörður Evrópu

**VARNARMÁL** Sameiginleg öryggis- og varnarmálastefna Evrópusambandsins, sem nú er í mótun, er fyrst og fremst „svar við brýnni þörf“ þar sem Atlantshafsbandalagið getur ekki verið „vörður Evrópu“. Hún er þáttur í viðbrögðum Evrópumanna við hættum nútímans, eins og þær hafa þróast eftir lok kalda stríðsins og í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin.

Þetta kom fram í erindi sem Frederic Baleine du Laurens, sérfræðingur um öryggismál í

franska utanríkisráðuneytinu, hélt í Háskóla Íslands, í boði Háskólarektors og franska sendiráðsins.

„NATO getur ekki haft stjórn á eða verið vörður Evrópu,“ sagði Baleine du Laurens í erindinu. Það væri grundvallaratriði að Evrópusambandið geti tekið sjálfstæðar og óháðar ákvarðanir í öryggis- og varnarmálum sínum. Hins vegar væru samskipti og samstarf beggja stofnana mikilvæg, sem og pólitískt samráð við bandamanninn máttuga vestan-



MYND: GETTY IMAGES

### ATLANTSHAFSTENGLIN MIKILVÆG

Franski varnarmálasérfræðingurinn Frederic Baleine du Laurens segir samráðið yfir Atlantshafið ekki mega takmarkast við NATO-samstarfið. Hér kyssir Jacques Chirac Frakklandsforseti hönd Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, við útför Jóhannesar Páls II páfa á dögumum.

hafs. Það væri hins vegar ekki vettvangi NATO; það yrði að vera nóg að það samráð færi fram á víðtækara en svo.

- aa

Lögregla í Sandgerði:

## Tók fána

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Keflavík tók að sér heimilisverk á þremur heimilum í Sandgerði í fyrrinótt. Hún var á ferð um miðja nótt og sá að þar hafði íbúum láðst að taka fánana niður en lög gera ráð fyrir að þeir blakti ekki lengur að hún en til sólseturs eða aldrei lengur en til miðnætis. Lögreglan tók því fánana niður og gerði þá upptæka en eigendur vitjuðu þeirra í gær niður á lögreglustöð. Engir eftirmálar verða vegna þessa máls en að sögn lögreglu er ekki þar með sagt að hún taki að sér heimilisverk í umdæminu.

-jse

### SVÍPJÓÐ

**ÓHÓFLEG SALTNOTKUN** Sænsk rannsókn bendir til að ungar karlar neyti tvöfalt meira salts en góðu hófi gegnir. Afleiðingin er aukin hætta á hjartaáfalli og öðrum sjúkdómum.

Endurreisnarstarf í Afganistan:

## Tvær íslenskar jeppasveitir á förum

**FRIDARGÆSLA** Þegar síðustu starfsmenn íslensku friðargæslunnar fara frá alþjóðaflugvælinum í Kabúl eftir rúman mánuð hefst þátttaka Íslendinga í endurreisnarstarfi í norður- og vesturhluta Afganistans. Davíð Oddsson utanríkisráðherra sagði á Alþingi að gert væri ráð fyrir að á hvorum staðnum yrðu tveir sérútbúnir jeppar og átta til níu manna lið.

„Með þessum hætti verður Ísland þátttakandi í skipulagi og framkvæmd endurreisnarsamstarfsins í Afganistan. Í þessu felst meðal annars að friðargæsluliðar fara um og kanna aðstæður í þorpum og sveitum og gera tillögur um úrbætur til víðeigandi hjálparstaka og alþjóðastofnana.“



DAVÍÐ ODDSSON

Utanríkisráðherra segir að verið sé að semja lagafrumvarp um íslensku friðargæsluna.

Verið er að semja lagafrumvarp um íslensku friðargæsluna og síðareglur fyrir liðsmenn hennar. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram á þingi í haust.

- jh



### RAUÐVÍNSHILLUR Í VÍNBUÐ ÁTVR

ÁTVR kynnrín vín í Vínblaðinu, en áfengislög banna markaðssetningu áfengis á prenti.

Lögmaður um nýfallinn dóm Héraðsdóms Reykjavíkur:

## Telur ÁTVR brjóta áfengislög

### LAGAFRAMKVÆMD

Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður telur að séu niðurstöður nýfallins dóms Héraðsdóms Reykjavíkur um útstillingu og umfjöllun um tóbaksheimfærðar upp á áfengisöggjöfina megi draga þá ályktun að Afengis- og tóbaksverslun ríkisins brjóti þá löggjöf.

„Í 20. grein áfengislaga segir að hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum tegundum séu bannaðar. Þá segir að með auglýsingum sé átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði



HRÓBJARTUR JÓNATANSSON

tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvörurheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður til útstillingar, dreifing prentaðs máls, vörusýnishorna og þess háttar.“

Hróbjartur bendir á að ÁTVR auglýsi um þessar mundir að fólk geti aflað sér upplýsinga um vintegundir í Vínblaðinu, sem fáiast í hverri vinnubúð og sé þannig í almenntri dreifingu. „Hið opinbera kys þarna að túlka sambærilega löggjöf með mismunandi hætti,“ segir hann og veltir fyrir sér hvort jafnræðis sé gætt, en hann flutti mál tóbaksverslunarinnar Bjarkar og tóbaksframleiðandans JT International fyrir Héraðsdómi 27. apríl. Þar var tekist á um tóbakslöggjöfina.

- óká

# Ársfundur

## Íslenska lífeyrissjóðsins í dag

kl.17:30 á Nordica Hotel, Suðurlandsbraut 2.

Íslenski lífeyrissjóðurinn er í vörslu Landsbankans. Stjórn sjóðsins hvetur alla sjóðfélaga til að koma á fundinn og taka þannig virkan þátt í starfseminni.

### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt
4. Gerð grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kynning á nýjung hjá Íslenska lífeyrissjóðnum: Lánamöguleikar fyrir sjóðfélaga með lögbundinn sparnað
9. Önnur mál

Allir sjóðfélagar og réttahafar eiga rétt til setu á fundinum.

Ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins var framúrskarandi á árinu 2004.

Góð ávöxtun á árinu skýrist af hækkingunum á innlendum verðbréfamörkuðum og virkri eignastýringu sjóðsins.

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins



### ALMENN SÁTT

Almenn sátt var meðal félagsmanna í Húsfélagi alþýðu um að hefja vinnu við að leysa félagið upp.

Almennur félagsfundur hefur ráðið tvo lögfræðinga:

## Unnið að slitum Húsfélags alþýðu

**FÉLAGSMÁL** Félagsfundur Húsfélags alþýðu hefur samþykkt að fela tveimur lögfræðingum að móta tillögur sem laga starfsemi félagsins að áliti kærnefndar um fjöleignahús og lögum um þau. Þar með hefst vinnu við að leggja niður þetta gamalgróna húsfélag, sem á rætur í félagslegum íbúðum sem reistar voru af Byggingarfélagi alþýðu um og eftir 1930.

„Það var almennt mjög mikil sátt um þetta á fundinum,“ sagði Hrund Kristinsdóttir, lögmaður hjá Húseignafélaginu, en hún mun móta tillögurnar ásamt lögmanni húsfélagsins, Sigríði Rut

Júlíusdóttur. Hrund sagði að félagsmenn vildu leggja áherslu á að starfsemi félagsins væri samkvæmt lögum. Þeir vildu láta þessa vinnu fara fram, en síðan yrði tekin ákvörðun um með hvaða hætti félagið yrði leyst upp í núverandi mynd og skipt í fimm minni húsfélög.

„Félagið á sameiginlegar eignir sem þarf að skipta. Gera þarf upp bókhaldið og skipta því upp ásamt fleiri atriðum sem þarf að vinna,“ sagði Hrund og bætti við að það væri ekki einfalt mál að skipta upp svo flóknu félagi sem Húsfélag alþýðu væri.

- jss



# HRAUSTLEG

# VERÐ-

# LÆKKUN

# Á FÆÐUBÓTAREFNUM

## VERÐDÆMI

### MULTIPOWER

Fitness Shake 15 skammtar  
Formula 80 25 bréf NÝTT  
Energy Balance orkustöng  
Crunch Fit orkustöng  
Red Kick

kr. 1795.-

kr. 1.295.-

kr. 3.750.-

kr. 99.-

kr. 150.-

kr. 1.495.-

### WEIDER

Zell Volume 2 kg.  
Mega Mass 6 kg.  
Mega Mass 3 kg.  
Mega Mass 1,5 kg.  
Kreatine 400 gr.  
Fatburner mánaðarskammtur

kr. 5.995.-

kr. 4.995.-

kr. 8.995.-

kr. 7.995.-

kr. 4.995.-

kr. 4.495.-

kr. 2.995.-

kr. 2.695.-

kr. 1.895.-

kr. 1.495.-

kr. 1.995.-

kr. 1.495.-

### POWERGYM - NÝTT

Gæða mysuprótein+glutamin 750 gr.  
Micro-Fint Kreatine 500 gr.  
Maximum Weight Gainer+Kreatine 6 kg.  
Maximum Weight Gainer+Kreatine 3 kg.  
Maximum Weight Gainer+Kreatine 1,5 kg.

kr. 2.695.-

kr. 1.995.-

kr. 7.995.-

kr. 4.495.-

kr. 2.695.-

### NUTRAMINO Nýjar gæðavörur á frábæru verði

Hágæða mysuprótein 20 bréf+hristibrúsi Tilboð  
Hágæða mysuprótein 750 gr.  
Hágæða mysuprótein 2.25 kg.  
Proteinstangir - Verulega bragðgóðar  
Próteinstangir - Kassi með 25 stk.

kr. 3.995.-

kr. 2.495.-

kr. 5.500.-

kr. 250.-

kr. 4.995.-

### EAS

Myoplex Diet 20 bréf  
Myoplex Thermo Dynamx fitubrennslutöflur-NÝTT  
Myopro 75 skammtar  
Myopro 20 skammtar

kr. 4.795.-

kr. 2.995.-

kr. 4.995.-

kr. 2.295.-

### SLENDERTONE FLEX

Flex  
Flex Max  
Flex BT buxur

kr. 14.900.-

kr. 12.900.-

kr. 19.900.-

kr. 17.900.-

kr. 19.900.-

kr. 17.900.-

### ROPE YOGA

Rope Yoga bönd+bæklingar+spóla  
Rope Yoga Sumartilboð með dýnu  
Rope Yoga dýna

kr. 19.900.-

kr. 17.950.-

kr. 6.995.-

kr. 19.900.-

kr. 5.995.-

Vegna hag stæðra magninnkaupa bjóðum við nú hraustlega verðlækkun!

Af hverju að borga meira?

Persónuleg ráðgjöf varðandi mataræði og hreyfingu.

Eitt mesta úrval landsins af fæðubótarefnum - Áratuga reynsla

allt fyrir kroppinn

# HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opið kl. 10-18 - Laugardaga 11-15

# ...bara á flugfelag.is

## 4. - 10. maí

Milli Reykjavíkur og

# AKUREYRAR 5.799 kr.

Flug aðra leiðina.  
Bara á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)  
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

# EGILSSTAÐA 6.799 kr.

Flug aðra leiðina.  
Bara á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)  
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

# ÍSAFJARDAR 5.599 kr.

Flug aðra leiðina.  
Bara á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)  
Takmarkað sætaframboð!

Fargjald fyrir börn 1 króna!

Gildir aðra leiðina fyrir börn að 12 ára aldri, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun (við bætist flugvallarskattur og tryggingargjald, samtals 440 kr.)

# flugfelag.is

Ný bóknámsbraut í Menntaskólanum á Akureyri fyrir duglega nemendur:

## Níundu bekkingar í framhaldsskóla

**MENNTUN** Menntamálaráðuneytið hefur veitt Menntaskólanum á Akureyri heimild til að taka við takmörkuðum fjölda afburðanemenda sem ljúka 9. bekk í vor og þeir nemendur þurfa því ekki að fara í 10. bekk að hausti. Um er að ræða fjögurra ára tilraunaverkefni og er MA eini skólinn á landinu þar sem þessi kostur er í boði.

Jón Már Héðinsson, skólameistari MA, segir að í haust verði tekið á móti fyrstu fimmtán nemendun-

um en þeir einir geta sótt um innngöngu sem fengið hafa átta eða meira í meðaleinkunn í 9. bekk.

„Þetta er okkar leið til þess að skapa fljótandi skil milli grunn- og framhaldsskóla,“ segir Jón Már. „Við munum vanda valið á þeim nemendum sem við tökum inn á þá almennu bóknámsbraut sem í boði er og ræða við nemendurna sem koma til greina og forráðamenn þeirra. Bekkirir verða fámennir og því verður kennslan mun ein-



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI**

Nemendum sem náð hafa góðum árangri í 9. bekk stendur til boða að hefja nám í MA ári fyrr en í öðrum framhaldsskólum.

staklingsmiðaðri en í stærri bekkjum og sérstakur umsjónarmaður mun leita leiða til að bjóða upp á nýjungar í námi,“ segir Jón Már.

Kynningarfundur um verkefnið verður haldinn næstkomandi mánudag en umsóknarfrestur er til 14. júní og geta dugmiklir nemendur af öllu landinu sótt um innngöngu.

- kk/- jh



**MIKIL UPPBYGGING Á REYÐARFIRÐI**

Einingaverksmiðja hefur störf í þessari viku. Verksmiðjan framleiðir steypu á Reyðarfirði og við Kárahnjúka.

Einingaverksmiðjan á Reyðarfirði:

## Steypuvinnan að hefjast

**REYÐARFIRÐUR** Prufusteypa á einingum í byggingu álverksmiðjunnar fyrir austan stóð yfir í einingaverksmiðju BM Vallár á Reyðarfirði í síðustu viku og hefst steypuvinnan á fullu í þessari viku. Um 12-15 manns starfa að jafnaði í einingaverksmiðjunni.

Víglundur Þorsteinsson, starfandi stjórnarformaður BM Vallár, segir að undirbúningurinn hafi verið flókinn og langur. BM Vallá keypti húsnæði á



**VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON**  
BM Vallá er með umfangsmikla starfsemi á Reyðarfirði.

Reyðarfirði árið 2003 og hefur nú byggt þar upp verksmiðju.


Verksmiðjan framleiðir steypu á Reyðarfirði og við Kárahnjúka, hefur alla sementsdreifingu fyrir virkjanaf framkvæmdirnar á Kárahnjúk-

um á sinni hendi og selur fyllifni og fleira. Þetta er til viðbótar við þá steypustöð sem Bechtel er sjálft með.

„Við erum með umfangsmikla starfsemi hérna. Hér á Austurlandi starfa nú um 35 manns,“ segir Víglundur.

Gert er ráð fyrir að ársvelta BM Vallár á Austurlandi nái um einum milljarði á þessu ári og svipaðri veltu á því næsta. Það gerir um fjórðung af veltu fyrirtækisins 2005.

-ghs



Tilboð  
maí 2005  
ALTO háþrýstidælur á  
tilboðsverði

Opnunartími  
í verslun RV:  
Mánudaga til föstudaga  
frá kl. 8:00 til 18:00  
Laugardaga frá  
kl. 10:00 til 14:00

6.888 kr.

Nilfisk ALTO Compact  
Prýstingur: 100 bör  
Vatnsmagn: 300 l/klst



15.888 kr.

Nilfisk ALTO Compact  
Prýstingur: 120 bör  
Vatnsmagn: 440 l/klst



28.888 kr.

Nilfisk ALTO Excellent  
Prýstingur: 135 bör  
Vatnsmagn: 500 l/klst



Tæki sem auðvelda vorverkin  
ALTO háþrýstidælur



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



# AEG



## NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ AEG EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

### AEG þvottavél með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.
- Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: **A+** • Þeytivinduafköst: **A** • Orkuflokkur: **A**
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka
- 3ja ára ábyrgð

Kr. 90.000,-

### AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
- Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
- Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigt og þéttibúnað
- Stórt hurðarop - 33 sm

Kr. 85.914,-

**Tilboðsverð á parinu - núna á 159.000,-**

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.



## Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á tilboðsverði!

B R Æ Ð U R N I R  
**ORMSSON**  
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**ORMSSON**  
SMÁRALIND

24  
stundir

HVAD ER AÐ FRÉTTA? SIGRÍÐUR HEIÐBERG FORMAÐUR KATTAVINAFÉLAGSINS

## Kattholt málað í sumar

„Reksturinn er alltaf í járnnum,” segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattavinafélagsins sem rekur Kattholt. Hún segir anars félagið vera að klást við að klára húsið sem það á í Stangarhlynum og verður það málað í sumar og settar svalir á vesturhlíð hússins, sem Sigríður segir mjög ánægjulegt.

Þá er alltaf jafn mikið af óskiladýrum í Kattholti að sögn Sigríðar en nú eru þar staddir 65 kettir í óskilum og um 100 til viðbótar á kattahótelinu.

„Ég er auðvitað ekki ánægð þegar dýrin eru ekki sótt,” segir Sigríður sem telur Íslendinga mjög aftarlega á merinni hvað varðar meðferð á dýrum.

„Efst hjá okkur er að afhenda ekki einn einasta kött nema merktan, örmerktan



eða eyrnamerktan,” segir Sigríður en Kattholt hjálpar fólki að fá kettina merkta eða tekna úr sambandi ódýrar en gerist almennt.

Sigríður segir að einhverjar reglur séu í bigerð hjá borginni um kattahald. Hún veit þó ekki hverju þær muni skila og vill sjálf ekki taka upp kattagjald. Hún vill heldur að höfðað verði til ábyrgðar kattaeygenda til að farið verði mannúlegar með dýrin.

Annars vonast Sigríður til þess að hún komist í sumarbústað í sumar. Hún á hins vegar sjálf mikið af köttum og vill hafa einhvern heima við þegar hún fer í burtu. Hún vill þó ekki gefa upp hve marga ketti hún eigi.

„Ég er eins og hestamennirnir, ég segi aldrei töluna,” segir Sigríður og hlær. „Þetta er bara fjölskylda mín og það er yndislegt að vera með dýrum.”

SVONA ERUM VIÐ



1.276 NÝIR FÓLKSBÍLAR VORU KEYPTRÍ Í APRÍLMÁNUÐI

Heimild: Umferðarstofa

## Ástkæra ylhýra

Spáðu í mér?

Flestir spá og spekulera þótt stétt atvinnuspákerlinga og -karla sé heldur fámennt núorðið. Það er hægt að spá í enska fótboltann, spá í bolla eða spil, spá í veðrið, spá í aðlaðandi fólk og margt fleira. Sjaldnar er spáð í dýrainnyfli og annað slíkt sem var vinsælla áður fyrr. Stundum er sagt „Spáðu í þessu!“, en sögnin að spá tekur með sér þolfall en ekki þágufall og því er rétt að segja „Spáðu í þetta!“. Ekki hefði það hljómað vel ef Megas hefði sungið „Spáðu í mér, þá mun ég spá í þér“, er það nokkuð? Spáum í hlutina!

magnus@frettabladid.is

# Atvinnugrein verður til

Eyfirðingar hafa náð ágætum árangri í kræklingarækt og gangi áætlanir eftir telja forsvarsmenn Norðurskeljar að ný stóriðja geti orðið að veruleika.

Árið 2000 hóf Norðurskel kræklingarækt í Eyjafirði. Fyrstu tvö árin var fyrirtækið húsnæðislaust og fór starfsemin fram á bryggju á Akureyri en tveimur árum síðar var starfsemin flutt til Hríseyjar.

Víðir Björnsson, sem stofnaði fyrirtækið ásamt Baldri Snorrasoni, segir reksturinn hafa gengið erfiðlega fyrstu árin vegna fjárskorts og vandamála sem upp komu á meðan verið var að ná tökum á ræktinni en þeir byrjunarferfiðleikar séu nú að baki.

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að endurfjármögnun Norðurskeljar og var hlutafé



GAMLA HRÍSEYJARFERJAN Akureyrarbær eignaðist ferjuna við sameiningu við Hríseyjarhrepp en ferjan er nú í eigu Norðurskeljar.

aukið í 65 milljónir króna, auk þess sem fyrirtækið hefur tryggt sér um 20 milljóna króna lánsfé. Sex nýir aðilar hafa bæst í hlutahafahópinn og skiptast 60 prósent af hlutafé fyrirtækisins nú jafnt á milli Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, KEA og Tækifæris en Akureyrarbær, Byggðastofnun og Sæplast eiga samtals 15 prósent.



**VÍÐIR BJÖRNSSON** Norðurskel er að ganga frá kaupum á 800 fermetra fiskvinnsluhúsi í Hrísey þar sem ætlunin er að setja upp tæknivædda verksmiðju fyrir kræklingavinnslu, þá fyrstu á Íslandi.

um 50 km af línunum til lírufusöfnunar og vænta Norðurskeljarmenn 200 til 300 tonna uppskeru árið

2007. Í ár og á næstu tveimur árum ætlar fyrirtækið að leggja samtals 300 kílómetra af línunum og reiknað er með 800 tonna uppskeru árið 2008 og að fjöldi starfsmanna verði orðinn 25.

### Atvinnusköpun í Eyjafirði

Í dag vinna þrír hjá Norðurskel en í sumar bætast fimm í hópinn til að útbúa línurnar sem settar verða niður á árinu. „Ef rekstraráætlun næstu þriggja ára gengur eftir verður okkur ekkert að vanbúnaði að hefja störfellu ræktun árið 2008. Kræklingarækt hefur alla burði til að verða stóriðja,” segir Víðir.

„Sé litið til fæðuframboðs og fleiri þátta ber Eyjafjörður 60 þúsund tonna rækt en núna höfum við ræktunarsvæði fyrir 20 þúsund tonn. Ef við miðum aðeins við 13 þúsund tonna ársframleiðslu verða til 450 störf ef kræklingurinn er unninn í neytendapakningar. Það er svipaður fjöldi og mun starfa í nýja álverinu í Reyðarfirði.

Kostnaðurinn við hvert starf í

álverinu er tæpar 190 milljónir króna en ekki nema tæpar 7 milljónir króna í kræklingaræktinni,” segir Víðir.

Íslendingar borða lítinn skelfisk og því nauðsynlegt að byggja upp innlendan markað. Nánast öll framleiðsla Norðurskeljar hefur verið seld til veitingahúsa á um 600 krónur kíló. Er það helmingi hærra verð en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir en á móti kemur að vinnslan er kostnaðarsöm þar sem fyrirtækið hefur ekki yfir að ráða vélbúnaði til vinnslunnar. Víðir segir að Norðurskel stefni á að vélvæða vinnsluna, samhliða aukinni framleiðslu, en með fullri vélvæðingu er gert ráð fyrir að framleiðslukostnaðurinn verði um 40 krónur á kíló.

Kræklingarækt á Íslandi er að hefjast fyrir alvöru. Frumkvöðlarnir í Norðurskel hafa með dugnaði, bjartsýni og staðfastri trú á kræklingarækt yfirstigið fyrstu hindranirnar. Ef væntingar ganga eftir verður til ný atvinnugrein sem skapa mun hundruð starfa.

kk@frettabladid.is

**GRUNNNÁM Í MYNDBANDAVINNSLU**  
- stafræn klippning og eftirvinnsla

Ert þú einn af þeim sem átt stafræna upptökuvél og langar til að læra að vinna efnið og gera það sem sölumáðurinn sagði að hægt væri að gera?

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á undirstöðuatriðum myndbandsgerðar allt frá því að breyta hugmynd í handrit og fínþússa myndbönd með ýmsum effektum. Nemendur verða að hafa góða almenna tölvukunnáttu og æskilegt er að nemendur eigi eða hafi aðgang að stafrænni tökvél.

Kennt er á Premiere klippiforritið frá Adobe sem er eitt vislæsta forritið á markaðnum í dag.



### Kvöldnámskeið

Mán. & mið. 18:00 - 22:00  
Byrjar 9. og lýkur 30 maí.

ntv.is

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

### Vandkvæði og áhættuþættir

Helsti áhættuþættur í kræklingarækt er eitrun af völdum þörunga sem getur valdið skelfiskeitrun hjá mönnum og öðrum spendýrum en hefur ekki áhrif á kræklinginn sjálfan. Skelfiskeitrun er vel þekkt í hlýsjó og er strangt eftirlit með svæðum þar sem skelfiskur er ræktaður til manneldis. Afar lítið hefur borið á skelfiskeitrun á Íslandi en hafa ber í huga að neysla á skelfiski er mun minni hér en í mörgum öðrum löndum.

Afrán æðarfugls getur valdið verulegu tjóni í kræklingarækt á Íslandi en fuglinn étur kræklinginn af línunum. Minnka má skaða af völdum æðarfugls með réttri staðsetningu á ræktunarbúnaðinum.

Öblítt veðurfar er þrándur í götu kræklingaræktar en íslenskir firðir eru margir hverjir skjólgóðir og því taldir hentug ræktunarsvæði.

Lagnadárís, ísrek og hafís getur valdið tjóni í kræklingarækt en hægt er að koma í veg fyrir slíkt með því að sökkva ræktunarbúnaðinum í sjó yfir vetrarmánuðina.

Helsti dragbitur í íslenskrí kræklingarækt hefur verið fjárskortur og hafa framleiðendur neyðst til að notast við frumstæðan búnað sem þeir segja að hamlað hafi árangri. Til að hámarka arðsemi og auka samkeppnishæfni kræklingaræktar á Íslandi telja ræktendur nauðsynlegt að tæknivæða vinnsluferlið og fullvinna kræklinginn í neytendapakningar.



**BLÁSKEL RÆKTUÐ Á LÍNU** Ræktunarsvæði Norðurskeljar í Eyjafirði hefur fengið svokallaða A vottun frá Fiskistofu en hún gefur til kynna að ræktunarsvæðið sé fyrsti flokks og heimilt að uppskera krækling beint til manneldis. Sú viðurkenning gæti veitt forskot á erlenda keppinauta.

Landsmenn undirbúa sumarið:

# Fellihýsin rjúka út

Rífandi sala er á fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum það sem af er ári. Salan fór snemma af stað hjá Seglagerðinni Ægi þar sem viðskiptavinir voru farnir að fjárfesta í sumargræjunum í desember en alvaran hófst fyrir alvöru í janúar. Hjá Evró ehf. á Grensásvegi er búið að selja jafn mikið núna og í lok maí í fyrra. Þá virðist fólk sækja meira í lúxus, því minna selst af tjaldvöngum en mun meira af hjól- og fellihýsum.

Hjá Seglagerðinni fengust þó þær upplýsingar að sala tjaldvagna væri nokkuð góð. Yngra fólkið sækir helst í þau en þeir

sem hafi átt fellihýsi séu að færa sig í húsbíla.

Tíðarferið spillir ekki fyrir fellihýsasölu og hefur heyrst af fólki sem þegar hefur notað fellihýsin sín á þessu ári. Voru þau til dæmis notuð í vélsleðaferðum og á Þingvöllum um páskana. Hægt er að nota hjólhýsi í margra stiga frosti og því möguleiki á að vera í þeim allan veturinn. Hins vegar nýtast fellihýsin vart nema að frostmarki, segir Jóhann Sigurðsson hjá Evró.

Eigendur fellihýsa virðast þó ekki vera vaknaðir til lífsins ennþá og standa langflest fellihýsi



FELLIHÝSI Heyrst hefur af fólki sem fór í útilegu með fellihýsi sín strax um páskana.

óhreyfð í þeim fellihýsageymslunum sem haft var samband við. Töluvert hefur verið pantað af

fellihýsum fyrir sumarið á fellihýsaleigu Glæsivagna og er fólk fyrir á ferðinni með það en venju-

lega. Þó hefur enginn vagn verið leigður út það sem af er ári.

- sgi



KOKKURINN Á FRÍÐRIKI V „Gæði íslensku bláskeljarinnar komu mér verulega á óvart og ég er viss um að erlendir kollegar mínir munu kæstast ef hún verður flutt út,” segir Friðrik.

Kokkurinn á Friðriki V:

## Íslenska bláskelin ber af

Friðrik Valur Karlsson, eigandi veitingahússins Friðrik V á Akureyri, hefur keypt bláskel af Norðurskel undanfarin ár. Segir hann íslensku bláskelina í allt öðrum og hærri gæðaflokki en innflutta skel, bæði hvað varðar holdfyllingu og bragðgæði.

„Eftir að ég kynntist gæðum skeljarinnar frá Norðurskel þá býð ég gestum mínum ekki upp á annað. Eg hef sýnt ítölskum og spænskum matreiðslumönnum bláskelina frá Norðurskel og þeir eiga vart orð til að lýsa gæðum hennar en sjálfir eru þeir vanir hálfómri skel.“

Friðrik hefur matreitt íslensku bláskelina á margvíslegan máta en oft er hún soðin í sjó og bjór til helminga og rétturinn borinn fram í skelinni. Hann hefur boðið bæði innlendum og erlendum gestum upp á íslenska bláskeljarétti og segir hann alla lofa hráefnið í hástert. „Hingað kom eitt sinn fjögurra manna ítölsk fjölskylda sem var á ferðalagi um landið og snæddu þau hjá okkur þrjú kvöld í röð. Fyrsta kvöldið pantaði konan bláskeljarétt og líkaði svo vel að hún bað um bláskel öll kvöldin,” segir Friðrik.

kk@frettabladid.is



Ivar Guðmunds  
Alla virka daga kl. 9-12

# Á VERÐI FYRIR ÞIG

Listaverð: 2.499  
**1.899**  
Þú sparar 600kr

Listaverð: 6.799  
**5.799**  
Þú sparar 1000kr

Listaverð: 2.499  
**1.699**  
Þú sparar 800kr

Listaverð: 2.999  
**1.799**  
Þú sparar 1.200kr

Griffill hefur í 20 ár haft að leiðarljósi að vera alltaf ódýrari og á því verður engin breyting í þetta skiptið

### Óskalisti

- PC Football Manager 2005
- PC Championship Manager 5
- PC World of Warcraft
- PS2 Eye Toy Play Platinum
- PS2 Pro Evolution Soccer 4
- PS2 Simpsons Hit & Run Platinum
- PS2 Time Splitters Future Perfect
- PS2 The Punisher
- CD Femin-38 lög fyrir konur (2 CD)
- CD Ávaxtakarfan 2005
- CD Frances The Mute
- CD Killers-Hot Fuss
- CD Meðan ég sef
- CD Skímó það besta frá Skítamóral
- CD Dýrin í Hálsaskógi (úr leikriti)

LISTA VERÐ	VERÐ	ÞÚ SPARAR
3999	<b>3.799</b>	200
3799	<b>3.599</b>	200
4699	<b>4.499</b>	200
4599	<b>3.799</b>	800
6499	<b>6.299</b>	200
4499	<b>2.799</b>	1700
5799	<b>5.599</b>	200
5499	<b>4.899</b>	600
2599	<b>1.999</b>	600
2499	<b>1.999</b>	500
2499	<b>1.999</b>	500
2499	<b>2.199</b>	300
2499	<b>1.799</b>	700
2499	<b>1.899</b>	600
1999	<b>1.299</b>	700

### Óskalisti

- DVD Bourne Supremacy
- DVD Alien vs. Predator
- DVD Before Sunset
- DVD Bridget Jones 2
- DVD Dodgeball
- DVD Man on Fire
- DVD Næsland
- DVD Shark Tale íslenskt tal
- DVD The Village
- DVD Wimbledon
- DVD Terminal
- DVD Hellboy (2 DVD)
- DVD Nirvana Nevermind
- DVD Meðan ég sef
- DVD Sky Captain World Of Tomorrow

LISTA VERÐ	VERÐ	ÞÚ SPARAR
2699	<b>1.799</b>	900
2699	<b>1.799</b>	900
2499	<b>2.299</b>	200
2699	<b>1.799</b>	900
2699	<b>1.799</b>	900
2799	<b>1.799</b>	1000
2499	<b>2.199</b>	300
2999	<b>2.199</b>	800
2699	<b>2.199</b>	500
2499	<b>1.799</b>	700
2699	<b>1.799</b>	900
2899	<b>1.899</b>	1000
2199	<b>1.999</b>	200
2699	<b>2.299</b>	400
2399	<b>1.599</b>	800

Tilboðin gilda til 15. maí / verð geta lækkað fyrirvaralaust



Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Skeifunni 11d Opið virka daga 10-18  
Sími 533 1010 Laugardaga 10-14



HVERJIR ERU? MICHAEL HOWARD OG CHARLES KENNEDY

## Eins og svart og hvítt

Varla er hægt að ímynda sér ólíkari menn en þá Charles Kennedy og Michael Howard, leiðtoga frjálslyndra demókrata og íhaldsmanna. Svo sem engin furða þar sem þeir standa fyrir gjörólíkar stefnur og reyna að höfða til ólíkra hópa.

## Myrkrahöfðinginn

Michael Howard fæddist árið 1941 og er sonur rúmenskra innflytjenda. Hann ólst upp í Swansea í Wales en nam svo lög við Cambridge.

Árið 1983 var Howard fyrst kjörinn á þing og ekki leið á löngu þar til hann varð atkvæðamikill í stjórn landsins. Honum er eignaður heiðurinn af neskattinum alræmda og þegar hann gegndi embætti innanríkisráðherra í ríkisstjórn Major var hann orðlagður

fyrir hörku. „Það býr myrkur í þessum manni,“ sagði Anne Widdecombe, samþingmaður Howards, þegar hann rak yfirmann fangelsismála úr starfi.

Howard hefur staðið sig að mörgu leyti vel eftir að hann tók við leiðtogaembættinu í flokknum árið 2003. Hann hefur sett á oddinn mál sem almennugi eru hugleikin, svo sem glæpa- og innflytjendamála, en jafnframt leggur hann mikla áherslu á fjölskyldugildi. Því taka Sandra kona hans og börn þeirra yfirleitt þátt í samkomum á vegum flokksins, rétt eins og er til síðs í Bandaríkjunum.

## Drifandi drykkjubolti

Charles Kennedy fæddist í Inverness árið 1959. Hann lærði heimspeki og stjórnmálafræði í háskólum í Skotlandi og Bandaríkjunum en 1983 sneri hann



MYND: NORDICPHOTO/GETTY  
aftur heim til að setjast á þing fyrir sósíaldemókrata, þá yngsti þingmaðurinn. Síðar sameinuðust þeir Frjálslynda flokknum svo úr urðu frjálslyndir demókratar.

Árið 1999 varð Kennedy leiðtogi flokksins og kom það nokkuð á óvart því mörgum þótti – og þykir enn – Kenn-

edy ekki taka starfið af nógu mikilli festu. „Stjórnmál eru alltof alvarleg til að vera tekin af alvarlega, sumir þættir þeirra eru jafn hlægilegir og aðrir eru sorglegir,“ svaraði Kennedy gagnrýndunum. Hvað sem því líður er ljóst að Kennedy nálgast stjórnmálin á óvenjulegan hátt, hann hefur margoft vantað við mikilvægar umræður og sögusagnir af drykkjuskap hans eru algengur blaðamatúr.

Engu að síður er Kennedy vinsæll enda kemur hann fólki fyrir sjónir sem einlægur maður sem meinar það sem hann segir. „Drifkraftur breskra stjórnmála,“ sagði dálkahöfundur The Spectator á dögunum. Ekki skemmir það fyrir að þeim Söru, konu hans, fæddist nýverið sitt fyrsta barn en slíkt fellur kjósendum jafnan vel í geð.



## Stofnfundur Íslensks-indversks viðskiptaráðs

Miðvikudaginn 4. maí nk. verður stofnfundur Íslensks-indverska viðskiptaráðsins. Fundurinn verður hjá FÍS á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, og hefst kl. 16.

Tilgangurinn með stofnun ráðsins er fyrst og fremst að hafa forgöngu um og styrkja verslun og viðskipti milli Íslands og Indlands.

Allir áhugasamir eru hvattir til að mæta, en eru vinsamlegast beðin um að skrá þátttöku á netfangið [gudmunda@fis.is](mailto:gudmunda@fis.is) eða í síma 588 8910.

## Flokkar sem mega muna sinn fífil fegurri

Verkamannaflokkurinn hefur yfirburðastöðu í breskum stjórnmálum um þessar mundir og litlar líkur eru á að íhaldsmenn og frjálslyndir demókratar nái að gera þeim skráveifu í kosningunum á fimmtudag.



MYND: NORDICPHOTO/GETTY  
JÁRNFRÚIN Íhaldsmenn virðast enn í tilvistarkreppu eftir að Margaret Thatcher hvarf úr leiðtogaembætti flokksins.

Verkamannaflokkurinn yfir íhaldsmenn í kosningunum 1997. Eftirmönnum hans, William Hague og sérstaklega Ian Duncan Smith, mistókst gjörsamlega að vinna tiltrú kjósenda á ný, enda hvorugur þeirra sérstaklega spennandi valkostur við Tony Blair.

Eftir að Michael Howard tók við leiðtogaembættinu í flokknum haustið 2003 hefur stjórnarandstaðan orðið markvissari. Flokkurinn hefur að mörgu leyti tekið forystu í málaflokkum á borð við innflytjendamála og harðari aðgerðir gegn glæpum. Engu að síður bendir fátt til að Íhaldsflokkurinn muni komast í ríkisstjórn á næstu árum.

## Sækir í sig veðrið

Frjálslyndir demókratar eiga rætur sínar að rekja til Frjálslynda flokksins sem stofnaður var á fyrri hluta 19. aldar utan um gildi frjálshyggjunnar sem þá var að ryðja sér til rúms. Á síðari hluta aldarinnar vegnaði flokknum allvel og leiddi til dæmis William Gladstone, formaður flokksins, ríkisstjórnir sem skildu eftir sig spor í sögu þjóðarinnar.

Framan af 20. öldinni voru frjálslyndir hins vegar örflokkur sem gekk allt í óhag. Í kosningum árið 1950 fékk flokkurinn til dæmis ekki nema 2,5 prósent atkvæða og höfðu menn á orði að þingflokkurinn kæmist til Westminster í einum

FRÉTTASKÝRING  
KOSNINGAR Í  
BRETLANDI



SVEINN GUÐMARSSON  
BLAÐAMAÐUR

Það er ljóst að Verkamannaflokkurinn mun bera sigur úr bítum í bresku þingkosningunum á fimmtudaginn, leiðtogar íhaldsmanna og frjálslyndra vonast helst til að fjölga þingsætum sínum svo að þeir geti velgt valdhöfunum enn frekar undir uggunum á næsta kjörtímabili. Þrátt fyrir að vera báðir í stjórnarandstöðu eru litlir kærleikar með flokkunum.

## Enn í skugga Thatcher

Íhaldsflokkurinn getur rakið upphaf sitt allt aftur á 17 öld og telst því einn elsti stjórnmálaflokkur Evrópu. Flokkurinn hefur alla tíð sett eignarréttinn og einstaklingsframtakið á oddinn en jafnframt hefur hann stutt krúnuna með ráðum og dáð. Á ofanverðri 19. öld festi flokkurinn sig enn betur í sessi undir styrkri stjórn Benjamins Disraeli og upp úr aldamótum sameinaðist hann klofningshópi úr Frjálslynda flokknum.

Á 20. öldinni skiptust á skin og skúrir fyrir íhaldsmenn. Þannig leiddi íhaldsmaðurinn Winston Churchill þjóðina í gegnum hörmungar heimstyrjaldarinnar en strax að henni lokinni beið flokkurinn afhróð í kosningum. Ríkisstjórnir manna á borð við Harold Macmillan og Edward Heath náðu bærilægum árangri á sjöunda og áttunda áratugnum en líftíð þurfti til að kjósendur losuðu sig við þá.

Með kosningu Margaret Thatcher árið 1979 hófst hins vegar síðasta blómaskeið flokksins. Hún losaði um tók verkalyðshreyfingarnar á atvinnulífi landsins og einkavæddi fjölmörg ríkisfyrirtæki – harðar aðgerðir en að flestra mati nauðsynlegar. Thatcher þekkti hins vegar ekki sinn vitjunartíma og í upphafi tíunda áratugarins var nánast gerð hallarbylting í Íhaldsflokknum.

Tómarúmið sem myndaðist við brotthvarf járnfrúarinnar hefur verið erfitt að fylla. John Major leiddi að vísu flokkinn til sigurs 1992 en persónuleikabrestir ráðherra og þingmanna í ríkisstjórninni og djúpstæður málefnaágreiningur, sérstaklega um Evrópumál, reyndust Major ofviða. Því valtaði

VEFUR	NOTENDUR	INNLIT	FLETTINGAR
1. visir.is	198.824	634.155	5.638.269
2. mbl.is	167.938	1.209.655	6.063.634
3. blog.central.is	100.417	411.397	2.653.063
4. hugi.is	94.010	193.580	1.251.510
5. leit.is	93.048	404.049	1.510.904
6. eve-online.com	73.002	269.464	3.618.455
7. barnaland.is	49.930	234.431	5.236.501
8. ruv.is	42.570	110.225	422.697
9. kvikmynd.is	23.108	33.146	437.896
10. beygla.is	22.529	41.839	208.921
11. tonlist.is	20.329	42.918	626.685
12. visindavefur.hi.is	16.885	21.420	77.387
13. bt.is	13.437	24.984	174.306
14. doktor.is	12.227	21.459	213.549
15. shopusa.is	11.248	20.621	56.492
16. reykjavik.is	11.170	18.296	99.145
17. vikurfrettir.is	11.041	31.581	225.016
18. humor.is	10.988	28.956	140.718
19. textavarp.is	10.082	18.130	23.979
20. femin.is	9.974	25.975	335.695
21. althingi.is	8.358	21.174	119.097
22. rsk.is	8.075	19.841	86.889
23. icetourist.is	7.691	9.654	83.890
24. gras.is	6.402	15.423	34.872
25. plus.is	6.340	8.096	9.327

Sjá á [www.modernus.is/sv](http://www.modernus.is/sv) og textavarp Rúv síðu 631  
Ólúgum vefjum stendur til bóða að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.



# ACCORD

**HONDA**  
The Power of Dreams

## Kraftmikill fjölskyldubíll



Sport sjálfskiptur, 16" álfelgur, 155 hö, 4ra dyra: **2.470.000** kr.

### Verðlaun

Eftirsóttasti stallbakurinn í sínum flokki samkvæmt Edmunds.com  
Einn af bestu fjölskyldubílum í boði í dag samkvæmt AAA og Parents magazine  
Hagkvæmustu kaupin í sínum flokki samkvæmt IntelliChoice  
18 sinnum á "10 bestu" lista Car and Driver  
Besti fjölskyldubíll í heimi samkvæmt Edmunds.com

→ Vel búinn Accord Comfort 2.0i, 155 hö - á Honda-góðu verði frá

**2.190.000** kr.

**22.195** á mánuði\*



Honda Accord er einstakur bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, "heimsins besti fjölskyldubíll", "bestu kaupin" og "einn af tíu bestu bílum" eru titlar sem hann ber með stíl. Hannaður með virðingu fyrir persónulegum kröfum hvers og eins til þess að þú upplifir askturseiginleika sem þú gleymir ekki. Undir straumlínulöguðu yfirborðinu leynist feiknakraftur og hátækninýjungar sem hafa þróast á kappakstursbrautum heimsins. Þú getur bókað að Honda Accord uppfyllir hvert smáatriði sem þú felur honum við stýrið og lætur fara vel um þig og alla fjölskylduna.  
**Honda Accord er frábært dæmi um Honda áreiðanleika á Honda-góðu verði.**

[honda.is](http://honda.is)

**BERNHARD**  
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100  
[www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

\* Bítasamningur Lýsingar - 30% inngöngu og eftirstöðvar á 84 mánuðum

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Breska tískuvörverslanakeðjan Mosaic skráð hér á markaði í sumar.

## Erlent fyrirtæki skráð í Kauphöllinni

Skráning brezku tískuvörverslanakeðjunnar Mosaic í Kauphöll Íslands hefur til stórtíðinda í íslensku viðskiptalífi. Tilkynt var um þessa ákvörðun stjórnenda fyrirtækisins í gær og gert er ráð fyrir að skráningin taki gildi í sumar. Mosaic hyggst bjóða út 4,8 milljarða íslenskra króna hér í Kauphöllinni, en markaðsvirði félagsins er talið vera um 30 milljarðar íslenskra króna.

Í Fréttablaðinu í gær kemur fram að Mosaic rekur 600 verslanir, – langflestar í Bretlandi. Félagið hefur verið að sækja fram á alþjóðamarkaði og rekur nú verslanir víða um heim undir merkjum Oasis, Coast, Karen Miller og Whistlers. Derek Lovelock, forstjóri Mosaic og einn eigandi, segir marga kosti liggja í því fyrir Mosaic að skrá sig hér á landi: „Við yrðum frekar stórir á markaði hér, miðað við það sem við værum í Bretlandi og mikil viðskipti með bréfin.“

Baugur og KB banki eiga meirihlutann í Mosaic, og þar er hlutur Baugs langstærstur, eða yfir 40 af hundraði af heildarhlutfénu. Fram hefur komið að það var hugmynd Jóns Ásgeirs Jóhannessonar að skrá félagið hér og eftir að stjórnendur þess höfðu athugað málið var ákveðið að hefjast handa við skráninguna.

Þótt Mosaic verði eitt stærsta fyrirtækið á markaðnum hér, er það ekki stórt á breskan mælikvarða, og eiginlega of lítið til að vera á markaði þar.

Mosaic verður góð viðbót á markaði Kauphallar Íslands. Á undanförunum misserum hefur fyrirtækjum í Kauphöll Íslands fækkað töluvert, og stór fyrirtæki á íslenskan mælikvarða hafa horfið þaðan hvert af öðru. Fjölmeðgjafi sjávarútvegsfyrirtæki voru um tíma á markaði í Kauphöllinni, en þeim hefur fækkað mjög og nú síðast var tilkynt um að eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, Samherji á Akureyri, yrði afskráð í Kauphöllinni. Þótt fyrirtækjum í Kauphöllinni hafi fækkað mjög, hefur veltan þar aftur á móti aukist töluvert á síðustu árum. Fyrirtækjum í Kauphöllinni fjölgaði mjög þegar hlutabréfabólan stóð sem hæst hér og íslenski hlutabréfamarkaðurinn var að slíta barnsskónum. Þá var gjarnan alið á óraunverulegum væntingum fólks varðandi hlutabréf, án þess að mikil innstæða væri fyrir hendi í þeim eignum. Eðli hlutafjármarkaðar er að hann gengur í sveiflum og þar eru það langtímasjónarmiðin sem gilda.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, fagnar áhuga Mosaic á skráningu hér á landi í Fréttablaðinu í gær. Hann segir tilkomu fyrirtækisins viðurkenningu á markaðnum hér, auk þess sem hún vekur athygli erlendra fjárfesta og fyrirtækja á Kauphöllinni.

Það væri ánægjulegt ef sú yrði staðreyndin, að erlendir fjárfestar færu að fjárfesta í fyrirtækjum sem eru hér á markaði. Hingað til hefur verið lítið um slíkt, líklega vegna þess að fjárfestar ytra þekkja lítið sem ekkert til íslenska markaðarinnar. Ef til vill eiga fleiri erlendir fyrirtæki af stærð Mosaic eftir að fylgja í fóstspor þess hingað fyrir tilverknað íslensku útrásarmannanna en þá þyrftu líka erlendir fjárfestar að koma í kjölfarið, þannig að erlent fjármagn færi hér í gegn til hinna erlendu fyrirtækja. ■

### Kór Áttahagafélags Strandamanna

Kór Áttahagafélags Strandamanna heldur vortónleika miðvikudaginn 4. maí kl. 20.30 í Seljakirkju.

Stjórnandi kórsins er Krisztina Szklenár.  
Einsöngvari er Snorri Wium.

Undirleikur: Judith Þorbergsson á piano  
Hjörleifur Valsson á fiðlu  
Tatu Kantomaa á harmoniku



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Skammar kenningarmiði

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, skammaði stjórnarandstæðinga fyrir samsæriskenningar í Silfri Egils um helgina. Einkavæðingu ríkisbankanna bar á góma. Hjálmar sagði efnislega að Ríkisendurskoðun ynni sín verk á eigin forsendum og nyti fulls trausts. Stofnunin hefði farið yfir sölu bankanna í skýrslum og gert smávægilegar athugasemdir. Í það heila tekið hefði Ríkisendurskoðun þótt framkvæmd einkavæðingar bankanna eðlileg.



#### Lítum á

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja árin 1998 til 2003 er talið óheppilegt að auglýstur hafi verið ráðandi hlutur í Landsbankanum og Búnaðarbankanum á sama tíma og meðal annars minnkað möguleika á að koma á samkeppni milli áhugasamra kaupenda. Ríkisendurskoðun véfengir einnig að sá tími sem valinn var til sölnunnar hafi verið heppilegur. Ríkisendurskoðun gerir sömuleiðis að umtalsefni að S-hópurinn svonefndi keypti ráðandi hlut í bankanum án þess að samið hafi verið um staðgreiðslu alls kaupverðsins. „Nær undantekningalaust hafa stærri fjárfestar staðgreitt kaupin og fengið bréfin í

hendur... Þar sem kaupendum var frjálst að selja 12,5 prósent af 45,8 prósentu hlut og sameinast öðru fyrirtæki hafi verið heppilegast að kaupendur staðgreiddu öll kaupin. Minna má á að í forvali var lögð áhersla á fjárhagslega getu kaupenda.“

#### Stærð athugasemda

Ríkisendurskoðun heldur áfram og segir: „Almenn viðhorf eru þau að sala á ráðandi hlut í fyrirtæki sé á hærra gengi en á markaði. Kaupendur greiddu óverulega hærra verð en gengið var á markaðnum. Gengið á markaðnum var um 4,7 í nóvember 2002 þegar samið var um gengið 4,8.“ Er þetta smávægilegar athugasemdir?

johannh@frettabladid.is

## Hver má aka hvar

Á síðustu árum hefur akstur utan vega verið vaxandi vandamál um allt land. Við fögnum fjölgun erlendra ferðamanna og hvetjum landann til að sækja Ísland heim en ræðum minna um álagið sem af þessu hlýst. Nú koma árlega til Íslands fleiri ferðamenn en sem nemur fjöldi Íslendinga. Æ fleiri þessara ferðamanna kjósa að ferðast á eigin vegum og leigja sér jeppa til aksturs. Svo leggja þeir gláðir og reifir af stað en vita kannski ekki mikið út í hvað þeir eru að fara. Jeppaeign landsmanna er orðin svo almenn að ólíkindum sætir og fjöldi vélhjóla margfaldast árlega. Vegakerfið er hinsvegar ekki tilbúið til að taka við þessum fjölda.

Hitt er þó heldur verra að ekki virðast allir sjá ástæðu til að aka á vegum landsins. Á ári hverju koma í ljós verulegar skemmdir á grónu landi, melkollum, hæðum og hólum eftir gálausu ökumenn bifreiða eða vélhjóla sem sjá enga ástæðu til að virða lögin í landinu heldur aka beint af augum á næsta útsýnisstað eða vilja marka spor sitt í sandinn með því að aka í honum. Gallinn er bara sá að móðir náttúra er langrækin og slík spor fyrnast ekki né hverfa á einu ári eins og margir virðast halda. Þvert á móti eru þau dapurlegur vitnisburður í mörg ár, jafnvel alltaf.

Á málþingi, sem haldið var um helgina, var því m.a. velt upp hverjar væru ástæður þess að menn fara út af vegi. Kæruleysi? Þekkingarleysi? Gáleysi? Virðingarleysi? Kannski sitt lítið af hverju og jafnvel meira til. Það er sérlega ergilegt að sjá, í auglýsingum bifreiðaframleiðenda og jafnvel íslenskra ferðaþjónustuaðila, nýja og glæsilega jeppa á ferð utan vega. „Það læra börnin sem fyrir þeim er haft“ og sjónvarpið er áhrifa-

Í DAG  
UM AKTUR OG  
JEPPA



INGA RÓSA  
ÞÓRDARÐÓTTIR

„Gallinn er bara sá að móðir náttúra er langrækin og slík spor fyrnast ekki né hverfa á einu ári eins og margir virðast halda. Þvert á móti eru þau dapurlegur vitnisburður í mörg ár, jafnvel alltaf.“

mikill miðill. Þessar auglýsingar birtast æ ofan í æ og nánast „kenna“ okkur að svona eigi að aka á Íslandi.

Þar að auki sitjum við svo uppi með fleiri, fleiri kílómetra af óskilgreindum leiðum og slóðum sem enginn ber ábyrgð á og enginn veit í raun hvort er slóð eður ei. Það ber því að fagna þeirri vinnu sem nú er í gangi á vegum Umhverfissráðuneytis, þar sem einmitt er unnið að undirbúningi þess að skilgreina vegi og slóðir um allt land í samráði við heimamenn á hverju svæði. Vonandi verður þeirri vinnu hraðað sem kostur er því það er forsenda þess að hægt verði að beita sér gegn akstri utan vega að einhverju marki. Samhliða því hlýtur að þurfa að herða refsiramma laga um akstur utan vega því þeir sem skilja eftir sig óafmáanleg spor í landinu mega búast við að þurfa að greiða fyrir það heilar

fimmtán þúsund krónur. Það má með sannni segja að það land sé á útsölu.

Margt er sagt og skrifað um akstur utan vega og flestir sammála um að taka þurfi á vandanum. Enn sem komið er hefur lítið annað verið gert en tala þar til nú á vordögum að Ferðafélag Fljótsdalshéraðs gaf út kort og límmiða þar sem bent er á þá staðreynd að akstur utan vega er bannaður með lögum á Íslandi. Límmiðarnir verða settir í yfir 90% allra fjórhjóladrifinna bílaleigubifreiða á landinu og kortunum dreift á gististöðum, tjaldstæðum, upplýsingamiðstöðvum og mörgum fleiri stöðum, bæði hérlendis og erlendis. Það verður fróðlegt að sjá hvort merkjanlegur árangur næst af þessu framtaki lítills áhugafélags um ferðamennsku og náttúruvernd, sem kaus að láta verkin tala. Fjölmeðgjafi síndu áhuga á að styrkja þetta verkefni enda áhugafélög af þessu tagi fjárvana og því upp á aðra komin ef þau vilja ráðast í verkefni af þessari stærðargræðu.

Það má segja að á fyrirnefndu málþingi hafi rauði þráðurinn í máli flestra verið sá að aukin fræðsla væri lykillinn að því að draga úr akstri utan vega. Þessi kort og límmiðar verða væntanlega lóð á þá vogarskál. Það er hinsvegar annað lykilmáttíðni að menn hætti að benda hver á annan. Það hefur nefnilega viljað brenna við í umræðunni að menn fari í vörn og bendi á aðra hópa. Jeppamenn benda á vélhjólamenn sem aftur benda á hestamenn sem aftur benda á vélhjólamenn o.s.frv. Slíkt skilar auðvitað engu. Með samstilltu átaki getum við verndað landið okkar gegn ágangi af þessum toga. Það verður nefnilega fljótt einskis virði ef við látum eins og það sé einnota. ■



LESTU GREININA Á VISIR.IS  
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðum. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

  
 Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
 REYKJAVÍK 4.53 13.25 21.59  
 AKUREYRI 4.24 13.09 21.57  
 Heimild: Almanak Háskólans

**FRÉTTABLAÐIÐ**

# allt

**heilsa o.fl.**  
 Leikum við börnin okkar!  
 BLS. 3



**SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

**Góðan dag!**

Í dag er þriðjudagur 3. maí,  
 123. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Mamma, ilmvatnið þitt  
 nýja er alveg  
 skítafýlulega gott!



**Smáauglýsingar  
 á 995 kr.  
 visir.is**

**Smáauglýsingar  
 byrja í dag á bls. 4**

**Flokkar**

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**Þú getur pantað  
 smáauglýsingar á  
 www.visir.is**



Alexía fær sér oft göngutúr niður að sjó til að finna lyktina af sjónum.

## Glöð á sálinni eftir fiskiát

*Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona hefur alltaf verið hrædd við líkamsræktarstöðvar en heldur línunum í lagi með fiskiáti, hestamennsku og göngutúrum niður að sjó.*

„Vinir mínir gera oft grín að mér vegna þess að ég er með algjöra líkamsræktar-fóbiu. Ég er hrædd við stórar líkamsræktarstöðvar eins og Laugar og hvað þetta allt heitir. Ég get ekki fyrir mitt litla líf farið þangað inn. Ég hef alltaf verið svona og ég veit ekki af hverju,“ segir Alexía.

Alexía gerir samt margt sér til heilsu-bótar þótt hún forðist líkamsræktarstöðvarnar. „Ég nota náttúrulega leikhúsið til að gleðja andann og þar er mikil hreyfing. Ég er að setja upp leikritið Riðið inn í sólarlagið í Borgarleikhúsinu og ætla að sýna það tvisvar allar helgar sem jafnast alveg á við nokkra tíma í líkamsræktarstöð. Mér finnst líka rosalega gaman að fá mér göngutúr meðfram sjávarsíðunni og finna lyktina af sjónum,“ segir Alexía sem fær þó mest út úr heimsóknunum til bróður síns. „Ég er mikil hestakona og ég fer oft í heimsókn til

bróður míns sem er bóndi fyrir vestan. Þar get ég farið á hestbak sem er æðislegt og geri það frekar en að hlaupa á rafrænum brettum í höfuðborginni. Það eflir andann og ég kem alltaf fersk til baka úr heimsóknunum.“

„Ég er líka alltaf á leiðinni í skvass. Það hljómar svakalega spennandi og ég held ég yrði ekki hrædd við það eins og líkamsræktarstöðvarnar. Það er sem sagt næst á dagskrá,“ segir Alexía sem hugsar hæfilega mikið um það sem hún lætur ofan í sig. „Í vinnunni minni er allt frekar óreglulegt og ég borða aldrei mat á sama tíma tvo daga í röð. Ég lendi oft í því að þurfa að grípa eitthvað úti í búð en það er reyndar orðið mikið framboð af hollum mat í búðum eins og skyrdrykkirnir. Ég lifi á þeim. En auðvitað dett ég í sukkið stundum og borða eins og hestur. Ég neita mér ekki um mat og ef mig langar í eitthvað þá fæ ég mér það. En mér líður betur þegar ég borða hollt,“ segir Alexía. „Ég borða mikinn fisk og er svo heppin að eiga vin sem gefur mér alltaf fisk þegar hann er í landi. Ég verð svo glöð á sálinni þegar ég borða fisk og mér líður vel andlega.“

lilja@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU í heilsu

**Össur** hefur opnað þjónustumiðstöð í húsnæði Apótekarans við Hafnarstræti á Akureyri. Norðlendingar geta farið í göngugreiningu, fengið þjónustu stoðtækjafraeðings og aðra sérfræðiþjónustu Össurar. Apótekarinn mun hefja sölu á íþrótta- og heilsuskóm ásamt þeim íþrótta- og hitahlífum og spelkum sem sérfræðingar Össurar mæla með.



**Sumartíminn** er hafinn hvað varðar útivistartíma barna og unglinga. Lýðheilsustöð hvetur foreldra til að virða útivistartímann – börn yngri en tólf ára mega nú vera

úti til klukkan 22 og 13 til 16 ára mega vera úti til miðnætis. Þess tími gildir til 1. september.

**Átakið** Hjólað í vinnuna hófst í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gærmorgun. Alls höfðu 220 vinnustaðir um land skráð sig til leiks í gær og má gera ráð fyrir að hátt í fjögur hundruð manns hjóli í vinnuna þessa dagana. Tilgangur verkefnisins er að efla hreyfingu og ekki er nauðsynlegt að vera á reiðhjóli – það er í góðu lagi að ganga, hlaupa, skokka eða fara um á línuskautum.

heilsa@frettabladid.is

## Kafbátur mánaðarins

Vertu skynsamur, vertu hjartagöður.

**Roast beef**  
 með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



**6 tommu bátur kr. 299**

**12 tommu bátur kr. 499**



Gildir í maí 05. Gildir ekki í Sjórmúal. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Sub Club miðar ekki áhættu með kafbát mánaðarins.

Svefn

Flestir þurfa að sofa sjö til tíu stundir á sólarhring til að vera vel hvíldir og viðhalda góðri heilsu. Fólki hins vegar hættir til að sofa ekki nóg og fara of seint að sofa á kvöldin og er því þreytt á daginn.



**YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT**  
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103  
**YOGA YOGA YOGA**  
Líkamsæfingar, öndunaræfingar  
slökun og hugleiðsla  
Sértímar fyrir barnshafandi  
Allir yoga unnendur velkomnir  
Sértímar í kraftyoga  
www.yogaheilsa.is

**Silicol Skin**  
vinnur gegn filapenslum og bólum.  
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.  
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkra og hreinni og komið í veg fyrir bólur.  
Fæst í apótekum.

**Sykurlaus jógúrt!**  
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs.  
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.  
Bio·Bú

Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Verið góð hvert við annað  
Fáðu aukinn hita í kynlífið með Astroglide Warming Liquid. Lyktarlaust.

Söluastaðir Lyfja, Lyf og Heilsa, Femin.is, Rimaapótek, Laugarnesapótek, Árbæjarapótek, Skipholtapótek, Apótekarinn, Lyfjaval, Árnes og Siglufjarðarapótek.

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi  
**Minnistöflur**  
FOSFOSER MEMORY  
Umboðs- og söluaðili sími: 551 9239

**metasys**  
Þinn stuðningur í baráttunni við aukakílóin  
**Sex kíló á tveimur mánuðum**  
Metasys er málið, hef tekið inn 4 hylki á dag í tæpa tvo mánuði og hef misst 6 kg. Það sem mér þykir einna best við Metasys er að hversu mikla orku ég hef og úthald.  
Verð ekkert þreyttur seinniparts dags eins og ég átti oft til með að vera. Ég mæli eindregið með Metasys og gef því mína bestu einkun, Bóas Ragnar Bóasson

100% náttúrulegt  
metasys  
Línurnar í lag með Metasys  
Fæst í apótekum og heilsubúðum  
metasys@simnet.is • www.metasys.is • sími 5517020



Björgvin Herjólfsson telur algjörlega nauðsynlegt að fólk læri skyndihjálpar svo það viti hvernig eigi að bregðast við þegar lífsháska ber að höndum.

# Rétt viðbrögð geta bjargað mannlífum

*Aukin eftirspurn er eftir að komast á skyndihjálparnámskeið enda getur kunnátta í skyndihjálpar bjargað mannlífum á ögurstundu. Þjálfarar í faginu telja að fólk þurfi að sækja námskeið á tveggja ára fresti.*

Rauði Kross Íslands hefur lengi séð um að skipuleggja skyndihjálparnámskeið bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og hópa en þau geta verið sniðin að þörfum hvers og eins. „Við erum að vonast til þess að það sé einhver vakning núna þar sem aukin eftirspurn hefur verið eftir skyndihjálparnámskeiðum í fyrirtækjum og stofnunum,“ segir Björgvin Herjólfsson, skyndihjálparþjálfari hjá fyrirtækinu Icesec sem sér um hópnámskeið í umboði Rauða krossins.

„Á fjórum klukkustundum förum við yfir grunninn sem felur í sér endurlífingun þar sem notast er við brúðu,“ segir Björgvin.

Til að læra öll atriði skyndihjálpar þarf hins vegar að taka fullt námskeið, 16 stunda langt, og er þar farið yfir hluti eins og aðkomu að slysi, fyrstu endurlífingun, beinbrot og stöðvun blæðinga svo eitthvað sé nefnt.

„Ég tel alveg nauðsynlegt að fólk læri skyndihjálpar svo það viti hvernig það eigi að bregðast við og það er betra að taka fjögurra stunda námskeið en að taka ekki neitt.“  
Spurður hvort hann viti til þess að einhver af nemendum hans hafi þurft að nýta sér skyndihjálparina eftir námskeið, minnst hann

konu sem kom að slæmu slysi. „Ég fékk þakkir frá konu sem hafði komið að bílslysi út á landi. Hún hafði víst verið eins og hershöfðingi þar til sjúkrabíllinn kom á vettvang,“ segir Björgvin.

Skyndihjálpar er ekki skyldunám hjá neinni stétt utan heilbrigðisgeirans ef frá er taldur bílstjórar með meirapróf.

„Sum fyrirtæki eru hins vegar mjög vakandi fyrir nauðsyn þess að senda starfsfólk sitt á þessi námskeið og í mörgum tilfellum taka starfsmannafélögin sig til og standa fyrir námskeiðum,“ segir Björgvin.

„Það er alltaf ánægjulegt að sjá dæmi þess að þetta er tvímælaust að bjarga mannlífum, og maður brosir út í annað því það er gaman að sjá vinnu sína skila árangri,“ segir Björgvin.

kristineva@frettabladid.is

Frá Dr. Gillian McKeith  
**Living Food Energy duft**  
fyrir súper heilsu

Living Food Energy er súperfæða sem skilar sér í bættri heilsu og meiri orku  
Fæst í apótekum og heilsubúðum

Mjólkuróþol  
Lífrænt kalk + steinefni  
Hylki og Duft

LifeStream  
Natural CALCIUM  
Fæst í apótekum

Heilsuvörur og matstofa  
Opíð virka daga kl. 10–20  
laugardaga kl. 11–17  
maður lifandi  
Borgartúni 24

LYFJA  
Við mælum beinþéttni  
Pantaðu tíma  
í Lág múla í síma 533 2308  
Smáratorgi í síma 564 5600

**SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ**

**Rífum okkur upp af rassinum**

Vantar þig aukapening? Finnst þér gaman að hitta fólk? Hefur þú gaman af fallegri hönnun og flottum fötum? Við erum að leita að nokkrum duglegum konum sem vilja starfa með okkur. Í boði eru góð árangurstengd laun, frábær félagskapur og ENGINN útlagður kostnaður  
**Allar nánari upplýsingar gefur Anna Bára í síma 565 3900 milli 10 og 16 alla virka daga, einnig er hægt að senda tölvupóst á [anna@clamal.is](mailto:anna@clamal.is)**

## SKEMMTILEGAST - LEIÐINLEGAST

### Myndi syngja með betlurum í Prag

**Hvað er skemmtilegast?**  
„Það skemmtilegasta sem ég geri er að vakna á morgnana. Ég vakna alltaf glaður, kátur og sáttur og þessa dagana er það alveg sérstaklega skemmtilegt út af þættinum okkar það var lagið. Ég hlakka alltaf til að takast á við verkefni dagsins.“

**Hvað er leiðinlegast?**  
„Það er helst þegar ég verð var við neikvæðni í fólki eða þegar fólk er heltekið af dapurlegum þankagangi. Þetta er svo stuttur tími sem við höfum að við verðum að nýta hann vel.“



Hermann Gunnarsson,  
dagskráráðgjafi og lífskúnnar

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

**birta**  
SJÓNVARPSDAGSKRÁ  
VIKUNNAR »

**BYRJANDANÁMSKEIÐ Í YOGA**  
ÞRÍÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA KL. 17:30-19:30  
ALLS 7 SKIPTI FRÁ 10/5 - 31/5  
KAYSHÚSIÐ AUSTURHRAUNI 3, GBÆ  
KENNARI  
SIGURLÍN GUÐJÓNSDÓTTIR  
SÍMI 5650921 / 8681714  
TÆKIFÆRI AÐ BREYTTUM LÍFSSTÍL  
HATHA YOGA

**VORTILBOÐ!**

Allt að  
**50%**  
afsláttur!

**BAÐ**  
innréttingar



**INNRETTINGAR  
& TÆKI**

www.i-t.is

OPÍÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14  
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM **OUTLET**  
FISKISLÓÐ 75  
Mikið úrval af dómum, herra og barnaskóm á góðu verði

2.900 2.900  
2.900,- 3.500,-

OPUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00  
Fiskislóð 75 hjóla Grandó, 101 Reykjavík, s.514-4407

X18 SKECHERS! every1

## ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oft á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



**Talstöðin**  
FM 90,9

Sumar gjafir skipta öll börn máli!  
Gefum börnum góða sumargjöf



## PRÓFAÐU ÞAÐ FERSKASTA FRÁ SÓMA

**NÝTT**

### MEIRA Á MILLI

Nýjar matarmiklar samlokur í innsigliðum umbúðum sem tryggir enn meiri ferskleika.



**SÓMI**

FERSKUR Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

MEIRA  
Á MILLI



www.somi.is

# Fær ríkisstjórnin nýtt aflátsbréf?

**UMRÆÐAN**  
VÖRN FRAMSÓKNAR



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**  
ALÞINGISMAÐUR

Getur verið eðlilegt að umboðsmenn almennings selji sjálfum sér eigur sem þeim er treyst til að koma í verð?

Framsóknarflokkurinn er í mikilli vörn nú vegna vaxandi umræðu um spillingarmál sem formaður flokksins tengist með beinum hætti.

Hæst hefur borið umræðu um spillinguna í kringum sölu á Búnaðarbankanum en fyrirtæki sem Halldór Ásgrímsson hefur átt í tengdist S-hópnum, sem fékk að kaupa bankann á útsölu. Fleiri mál hafa komist í hámeði, t.d. hafa stjórnarathafnir forsætisráðherra í fiskveiðistjórn fært fjölskyldufyrirtæki hans réttindi, sem eru verðmetin á gríðarlega háar fjárhæðir, en sömu athafnir hafa fært þjóðinni minni afla á land. Er það tilviljun að

formaður Einkavæðingarnefndar, Jón Sveinsson, sem var falið það trúnaðarverkefni að selja hlut almennings í Íslenskum aðalverktökum, er skyndilega eftir sölu orðinn stjórnarformaður sama fyrirtækis? Getur verið eðlilegt að umboðsmenn almennings selji sjálfum sér eigur sem þeim er treyst til að koma í verð? Þess ber að geta að formanni Einkavæðingarnefndar var ekki einungis falið að selja eignir almennings heldur var honum falið að semja nýtt og umdeilt frumvarp um Ríkisútvarpið.

Síðast þegar Framsóknarflokkurinn kom sér í vandræði með því að lýsa yfir stuðningi við

árásina á Írak var leikinn sá leikur að láta eina af nefndum Alþingis fjalla um lögmæti stuðnings Íslands við árásina. Utanríkisnefnd Alþingis lenti í miklum vandræðum við að verja vandan málstað og þegar fokið var í flest skjól var haft samband við prófessor í Háskóla Íslands, Eirík Tómasson, og hann fenginn til þess að skrifa upp á lögmæti við stuðning við árásina.

Prófessorinn gaf út það óskiljanlega lögfræðialít að stuðningurinn við árásina væri minniháttar mál. Þess ber að geta að þetta aflátsbréf Framsóknarflokksins kostaði ríkissjóð einungis 75.000 krónur.

Eins og áður segir þá er Framsóknarflokkurinn enn á ný lentur í vandræðum og virðist sem eigi að leysa þau vandræði með svipuðum hætti og fyrri mál. Nú á að vísa rannsókn á vafasamri sölu Búnaðarbankans til vildarvina Framsóknarflokksins, til fjárlaganefndar Alþingis, en þar hafa stjórnarflokkarnir tögl og hagldir. Ef rannsókn fjárlaganefndar á einungis að felast í að lesa gamla yfirlitsskýrslu ríkisendurskoðunar sem fjallar almennt um einkavæðingu ríkiseigna, þá er eins gott að panta strax nýtt aflátsbréf hjá prófessornum. Það er ódýrara fyrir ríkissjóð. ■

## Um almannahag

**UMRÆÐAN**  
SKOÐANIR Á PÓLÍTIKUM HITAMÁLUM



**SIGURÐUR Á. FRÍÐÞJÓFSSON**  
UPPLÝSINGA- OG FRÆDSLUFULLTRÚI BSRB

Björn Ingi Hrafnsson ritar grein á heimasíðu sína sl. laugardag þar sem hann gefur í skyn að stjórn BSRB sé einhvers konar framlenging á flokki Vinstri grænna. Tekur hann þar tvö málefni sem dæmi, annars vegar ályktun BSRB um fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands og hins vegar tillögu um að kveðið verði á um samfélagslegt eignarhald á vatni í stjórnarskrá Íslands. „Það er naumast hvaða tengingar Vinstri grænir hafa inn í BSRB, sérstaklega stjórnina! Það getur ekki verið að Ögmundur, þingflokksformaður VG, sé að blanda sínum málum inn í störf sín sem formaður BSRB. Það getur bara ekki verið,“ segir Björn Ingi. Í sjálfu sér er ekki ástæða að elta ólar við svona málflutning en þar sem Björn Ingi er aðstoðarmaður forsætisráðherra er rétt að upplýsa hann um að stjórn BSRB er skipuð formönnum allra aðildarféлага bandalagsins og eru sumir þeirra flokksbundnir í Sjálfstæðisflokknum, einhverjir í Framsóknarflokknunum og stjórnarandstaðan á líka sína fulltrúa í stjórn BSRB, m.a. Ögmundur Jónasson. Ekki veit ég hvert álit Björns Inga er á samflokksmönnum sínum sem sitja í stjórn BSRB, en ekki er það mikið ef hann heldur að flokkskrifstofa Vinstri grænna stjórni þeim. Samtök launafólks hafa frá upphafi verkalýðsbaráttunnar haft skoðanir á málefnum sem varða samfélagsþróunina og þar af leiðandi verið pólitísk í eðli sínu. Það er fleira sem skiptir launafólk máli en það sem í budduna kemur, m.a. réttindamál og því stendur það hreyfingunni nærri að láta sig málefni Mannréttindaskrifstofu Íslands varða. Sama gildir um samfélagslega eign á náttúruauðlindum landsins, eins og vatninu. Það eru ekki bara atvinnupólitíkusar eins og Björn Ingi sem hafa leyfi til að hafa skoðanir á pólitískum hitamálum. ■

### LEIÐRÉTTING

**RÖNG MYND BIRTIST** Í frétt um aðalfund Eflingar sem birtist í atvinnublaði Fréttablaðsins síðastliðinn sunnudag, 1. maí, birtist röng mynd. Fréttablaðið biðst velvirðingar á þessum mistökum og hér fylgir rétt mynd af Sigurði Bessasyni, formanni Eflingar.



Sigurður Bessason.

## Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

Hversvegna Posturepedic?

Sealy Posturepedic eru **vinsælustu** heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vöruþróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.

Hversvegna Posturepedic?

Sealy Posturepedic gormurinn sem er hjartað í heilsudýnni, er hannaður í samvinnu við nokkra færustu bæklunarskurðlækna Bandaríkjanna. Hann bregst mismunandi við þyngd og því geta tveir misþungir einstaklingar notað sömu dýnuna

Hversvegna Posturepedic?

Sérhannaður styrktarkantur sem tryggir hámarksnýtingu á svefnfleti, ásamt því að kantar dýnnar veita betri stuðning. „Thermo Bond“ uppbyggingin dregur úr hreyfingu á milli einstaklinga í sama rúmi.

Tilboðin gilda til 4. maí.

## Einstök tilboð í tilefni sýningarinnar Sumar 2005 í Fífunni Kópavogi.

**1 30 % AFSLÁTTUR**  
Rafmagnsrúm BLUCONFORT 300, 160 og 180 cm með ramma.  
Verð frá. 178.000.-

**3 25 % AFSLÁTTUR**  
Amerískir hvíldarstólar frá LANE. (Alaska leður).  
Verð. 52.425.-

**2 20 % AFSLÁTTUR**  
SEALY heilsurúm.  
Tegundir Eланtra, Archway og Hensen.  
Verð frá. 60.640.-

**4 25 % AFSLÁTTUR**  
STARLIGHT heilsurúm.  
Verð frá. 35.900.-

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10-18 & laug: 11-15  
Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

# Yfirtrúnaðarmaður á að gæta réttinda starfsmanna

UMRÆÐAN  
GT - VERKTÖKUM  
SVARAÐ



ODDUR FRÍÐRIKSSON  
YFIRTRÚNAÐARMAÐUR

„ Vislandia hefur enga starfsemi að Kárahnjúkum og er hvorki skráð hér sem verktaki eða undirverktaki og hefur enga samninga við aðalverktakann Impregilo. Það hafa GT-verktakar hinsvegar og því eðlilegt að líta á lettnesku starfsmennina sem starfsmenn GT-verktaka...

Að undanfögnu hefur Gísli Sigurbjörnsson, einn forsvarsmanna GT-verktaka farið mikinn á síðum dagblaða og m.a. sakað yfirtrúnaðarmann verkalýðsfélagana um ómálefnalega umræðu um starfsemi fyrirtækisins hér að Kárahnjúkum. Það er

ekki vilji yfirtrúnaðarmanns að eiga í opinberum ritdeilum við einstaka fyrirtæki, en vegna þess hvernig mál hafa þróast tel ég mig engu að síður skylt að láta eftirfarandi koma fram.

Í byrjun febrúarmánaðar sl. barst yfirtrúnaðarmanni uppsagnarbéf íslensks starfsmanns GT-verktaka þar sem honum var sagt upp störfum með einnar viku fyrirvara í stað 12 daga eins samningar þó kveða á um. Þessari uppsögn mótmælti yfirtrúnaðarmaður með bréfi þ. 16.2. sl. (uppgjör á launum þessa manns er komið til lögmanns og bréfum verkalýðsfélagsins hefur ekki verið svarað hingað til).

Jafnframt bárust yfirtrúnaðarmanni upplýsingar um komu fjögurra lettneskra starfsmanna. Leitaði yfirtrúnaðarmaður þegar til Vinnuálastofnunar vegna staðfestingar á atvinnuleyfum viðkomandi starfsmanna, sem taldi að starfsmenn þessir væru hér á röngum forsendum og að vera þeirra hér samrýmdist ekki reglum um þjónustuviðskipti. Kærði Vinnuálastofnun málið til Sýslumannsembættisins á Seyðisfirði í kjölfarið.

Þ. 16.02. sendi yfirtrúnaðarmaður bréf til GT-verktaka þar

sem þess var varið á leit að fyrirtækið afhenti þegar í stað afrit af ráðningarsamningum viðkomandi starfsmanna, svo sem þeim er skylt skv. grein 12.1.1.1 í virkjunarsamningi. Bréfi þessu er enn ósvarað, en munnlegt svar var að yfirtrúnaðarmaður gæti leitað fyrirtækisins Vislandia í Lettlandi. Þessu hafnar yfirtrúnaðarmaður. Vislandia hefur enga starfsemi að Kárahnjúkum og er hvorki skráð hér sem verktaki eða undirverktaki og hefur enga samninga við aðalverktakann Impregilo. Það hafa GT-verktakar hinsvegar og því eðlilegt að líta á lettnesku starfsmennina sem starfsmenn GT-verktaka þegar um þetta atriði er fjallað.

GT-verktakar láta einnig í veðri vaka að yfirtrúnaðarmaður hafi haldið því fram að þessir menn hefðu ekki bílpróf, það er alrangt, hinsvegar hefur yfirtrúnaðarmaður haft uppi ákveðnar efasemdir um réttindi þessara manna til fólksflutninga hér á land, grundvallaða á yfirlýsingum GT-manna sjálfra sem hafa haldið því fram (nú síðast í FB þ. 28.04) að þetta væru starfsmenn Vislandia. Um leyfi til fólksflutninga hér á landi gilda ákveðnar reglur, bundnar

við fyrirtæki eða einstaklinga og leyfi þetta er ekki framseljanlegt. Þetta leyfi hefur Vislandia ekki og engar rútur sem hér eru skráðar á þeirra nafn. Það getur því ekki talist eðlilegt að við þessa skoðun hafi komið upp efasemdir um réttindamál þessara manna, þar sem handhafi rekstrarleyfisins kannast ekki við að ökmenn tækja skráðra á sitt nafn séu að störfum hjá honum.

GT-verktakar gera einnig að umtalsefni það að yfirtrúnaðarmaður hafi tjáð sig um umkomuleysi lettnesku starfsmannanna, eftir að þeir voru komnir í farbann, og stæra sig af því að viðkomandi starfsmenn fái sigarettur á kostnað fyrirtækisins. Það er hlutverk yfirtrúnaðarmanns að gæta félagslegra réttinda starfsmanna á vinnusvæðinu og benda á þegar á rétt manna er hallað. Það er réttur verkamannsins að fá sín laun á réttum tíma og það er einnig réttur verkamannsins að atvinnurekandi borgi skv. réttum taxa. Sé þetta gert geta menn borgað sínar sigarettur sjálfir. Það er ekki nóg af atvinnurekanda að vona að rétt laun séu greitt, heldur ber honum að ganga úr skugga um það, hafi hann gert samkomulag um það. Í FB 28.04.

kemur fram að GT-verktakar hafi skýrt kveðið á um að þessum lettnesku starfsmönnum skyldi greitt skv. íslenskum kjarasamningum. Það er því þeirra að sýna fram á að við þetta hafi verið staðið með framlagningu viðeigandi gagna.

Einnig er látið að því liggja að yfirtrúnaðarmaður hafi komist upp með að ljúga hverju sem er að fréttamönnum. Það er ekki mitt að svara fyrir þeirra fréttadóflun eða efnistösk, en vissulega sárnar yfirtrúnaðarmanni orðbragð Gísla í greininni. Þó vil ég að það komi fram að allt frá upphafi þessa verks hef ég undantekningalaust svarað spurningum fréttamanna, hafi þær snert mál almenns eðlis sem væru í opinberri umræðu á hverjum tíma. Þessu máli er þannig varið. Hvorki GT-verktakar eða aðrir verktakar við Kárahnjúka geta vænt þess að yfirtrúnaðarmaður tjái sig ekki opinberlega um mál sem komast í umræðu vegna vanefnda gangvart virkjunarsamningi. Vörn verktakans er að standa þannig að málið að til þess þurfi ekki að koma að yfirtrúnaðarmaður hafi til þess gildar ástæður að að fjalla um málefni verktakanum tengd á opinberum vettvangi. ■

## Ábyrgð á útvarpsefni

UMRÆÐAN  
LESENDABRÉFI  
SVARAÐ



MARKÚS ÖRN ANTONSSON  
ÚTVARPSTJÓRI

Í grein í Fréttablaðinu fyrir viku síðan undir fyrirsögninni „Hver ber ábyrgðina?“, beindi Ragnar Þorgeirsson, framkvæmdastjóri í Reykjavík, fyrirspurn til mín um ábyrgð á dagskrárefni, sem flutt er í Ríkisútvarpinu. Tílefnið var viðtal við athafnakonuna Jónínu Benediktsdóttur í beinni útsendingu Kastljósspáttar Sjónvarpsins 17. apríl sl. Jafnframt var spurt hvort ég teldi að vinnubrögðin samræmdust almannahlutverki Ríkisútvarpsins og kröfum um faglega vönduð vinnubrögð.

Í fyrsta lagi skal tekið fram, að hjá Ríkisútvarpinu hafa fréttamenn og dagskrárgerðarmenn nánast ótakmarkað frelsi og sjálfstæði við val viðfangsefna og viðmælenda til að koma fram í fréttum eða dagskrárþáttum. Auðvitað er gert ráð fyrir að farið sé eftir settum vinnureglum og sérstökum fréttareglum Ríkisútvarpsins, sem einnig taka til fréttatengdra þátta. Það er líka brýnt fyrir fréttamönnum og dagskrárgerðarfólki að hafa samráð við yfirmenn um ákvarðanatöku, ef upp koma álitalefni. Dagskrárstjórar, framkvæmdastjórar eða útvarpstjórir hafa því almennt ekki afskipti af því hvort Jónína Benediktsdóttir eða aðrir eru fengnir til að koma fram í fréttum eða þáttum í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Vegna gagnrýni, sem fram hefur komið á þennan Kastljósspátt hafa umsjónarmenn hans gert grein fyrir ákvörðun sinni um að fá Jónínu í viðtal. Þeir benda á að hún hafi verið áberandi í íslensku viðskiptalífi um árabíl. Hún er þekktur einstaklingur, hefur tengt persónulega áhrifamönnum í viðskiptalífinu, skrifað greinar um þjóðfélagsmál og komið fram sem álitsgjafi í útvarpi og sjónvarpi. Hún hefur gagnrýnt ríkisstjórn, stjórnarandstöðu, forseta lýðveldisins og hinar ýmsu viðskiptablokkir. Þá vinnur Jónína að ritun bókar um það ógegnisæi sem hún telur einkenna íslenskt viðskiptalíf. Vegna alls þessa fannst umsjónarmönnum Kastljóss fullt tilefni til að fá hana í viðtal.

Fátt er ómurlegra en að stilla upp skoðanaúslu fólki til viðræðna í sjónvarpsþætti, bæði fyrir

umsjónarmenn og áhorfendur. Ríkisútvarpið verður að endurspegla þá gerjun, sem á sér stað í þjóðfélagsumræðunni. Oft stendur styr um menn og málefni, ekki sízt á miklum umbrotatímum eins og þeim sem eiga sér stað einmitt nú, þegar þjóðin er að brjóta af sér hlekki miðstýringar og sækja fram á sviði hins heimsvædda markaðs- og efnahagskerfis. Öll fjölmiðlaumræða síðustu ára ber líka merki þessara breytinga. Hún er beinskeyttari og frjálslegri en áður, t.d. ef lítið er svo sem tvo áratugi aftur í tímann. Þó að Ríkisútvarpið sé háð strangari vinnureglum en aðrir ljósvakamiðlar um að gera einstaklingum og ólíkum skoðunum þeirra jafnhátt undir höfði, hafa aðferðir þess til að koma umræðunni á framfæri við hlustendur og áhorfendur gjörbreytt frá því sem áður var. Maður man þá tíð þegar umræðuþættir í útvarpinu voru klipptir að lokinni upptöku til að milda áhrifin af sjónarmiðum, sem töldust ekki samrýmast hlutleysisreglum stofnunarinnar. Það tíðkaðist líka að „viðtöl“ í útvarpinu væru lesin upp af fyrirframsömdum handriti. Við þær aðstæður var flest nokkuð fyrirjáanlegt og umsjónarmenn þátta gátu andað rólega.

Þetta breyttist auðvitað þegar samtöl manna fóru í vaxandi mæli fram í beinum útsendingum. Þar með varð umræðustíllinn frjálslegri. En um leið er tekin sú áhætta að yfirlýsingaglaðir viðmælendur láti sér ekki segjast í hlutsömum umsögnum um nafngreinda og fjarstadda aðila þrátt fyrir ítrekaðar áminningar umsjónarmanns. Þetta gerðist í umræddum Kastljósspátti. Þar tók Jónína Benediktsdóttir stórt upp í sig en hefði betur stillt orðum sínum í hóf. Það var óþarfi hjá henni að sverta nöfn valinkunnra athafnamanna með dylgjum. Jónína talaði nefnilega að öðru leyti skýrt og skorinort fyrir munn margra um málefni, sem öllum almenningi eru mjög ofarlega í huga um þessar mundir. Þau sjónarmið eiga fullan rétt á að heyrast í Ríkisútvarpinu.

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Samkvæmt 26. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 gildir það bæði um efni, sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ennfremur segir: „Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til samtals í útvarpi þannig að hver sem tekur þátt í samtali í eigin nafni ber ábyrgð á sínu framlagi í því.“ ■

Nýtt viðskiptablað  
frítt með Fréttablaðinu á morgun

## Markaðurinn á mannamáli

Nú þarftu ekki lengur að vera sérfræðingur til að fá botn í markaðsmálin. Hér eftir mun Markaðurinn fylgja Fréttablaðinu frítt alla miðvikudaga.

Í Markaðnum munum við leggja sérstaka áherslu á að fjalla á auðskilinn hátt um íslenska og erlenda markaði og viðskiptalíf. Við munum ekki einskorða okkur við stórvíðburði heldur m.a. greina frá fólki sem vinnur góð verk í misstórum fyrirtækjum víða í þjóðfélaginu.

MARKAÐURINN

Sögurnar • Tölurnar • Fólkið

Á KASSANUM  
Með Illuga Jökulssyni  
alla virka daga kl. 18.

Talstöðin  
FM 90,9

**KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]**

**ICEX-15 4.100 -0,21%**

Fjöldi viðskipta: 289  
Velta: 1.517 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

↑ **Síminn**  
Og fjarskipti  
Marel

5,26%  
1,44%  
0,36%

**MESTA LÆKKUN**

↓ **Jarðboranir**  
**SH**  
Nýherji

-1,00%  
-0,91%  
-0,82%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,00 -0,25% ... Atorka 6,14 - ... Bakkavör 34,40 -0,58% ... Burðarás 14,10 +0,36% ... FL Group 14,35 - ... Flaga 5,30 - ... Íslandsbanki 13,75 -0,36% ... KB banki 545,00 - ... Kögun 62,60 +0,16% ... Landsbankinn 16,30 -0,61% ... Marel 55,50 +0,36% ... Og fjarskipti 4,24 +1,44% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,00 -0,41% ... Össur 81,00 -

**viðskipti**  
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**Yfir væntingum**

**Mikill tekjuvöxtur hjá Og Vodafone milli ára.**

Hagnaður Og Vodafone, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið, var 199 milljónir eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi.

Heildartekjur félagsins námu 3.435 milljónum króna og er það töluvert meira en spár bankanna höfðu gert ráð fyrir. Velta fjarskiptahluta Og Vodafone fyrstu þrjá mánuði ársins var 1.818 milljarðar og heildar-



**UPPGJÖR Í TAKT VIÐ ÁÆTLANIR STJÓRNENDA** Eiríkur Jóhannsson, forstjóri Og Vodafone, og Viðar Þorkelsson, fjármálastjóri Og Vodafone.

**SPÁ UM AFKOMU OG VODAFONE - Í MILLJÓNUM KRÓNA**

Íslandsbanki	223
KB banki	34
Landsbankinn	145
Hagnaður	199

tekjur fjölmiðlanna er 1.620 milljónir.

Rekstrarhagnaður Og Vodafone fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 727 milljónir og er því 21 prósent af

heildarveltu félagsins.

Handbært fé frá rekstri nam 552 milljónum á fyrstu þremur mánuðum ársins. - dh



**ÍSLANDBANKI** Hagnaðist um 4.569 milljónir á fyrsta ársfjórðungi í fyrra.

**Mosaic kynnir sig fjárfestum**

Fulltrúar Mosaic hefja í dag að kynna íslenskum fjárfestum fyrirtækið.

Gert er ráð fyrir að gengi bréfa Mosaic Fashions verði á bilinu 12 til 13,2 krónur á hlut í útboði til fagfjárfesta. Meðaltal útboðsgengisins þýðir að markaðsvirði Mosaic verði um 36 milljarðar króna.

Fagfjárfestum verður boðið að kaupa hlutafé fyrir 30 milljónir punda eða 3,6 milljarða og í kjölfarið verður útboð til almennings að upphæð 1,2 milljarða króna. Derek Lovelock segir að Mosaic sé ekki að fara á markað hér til þess



**KYNNINGIN UNDIRBÚIN** Richard Glanville og Derek Lovelock fara yfir málin. Kynning Mosaic fyrir fagfjárfesta vegna hlutafjárútboðs hefst í dag.

ad ná sér í ódýrt fjármagn, enda séu hlutföll helstu rekstrartalna hagstæð miðað við verðlagningu á markaði hér. Þær standist einnig fyllilega samanburð við sambærileg fyrirtæki í Bretlandi. „Við tel-

um að verðið sé sanngjarnt fyrir fjárfesta og við viljum sjá bréfin hækka á markaði í kjölfar skráningarinnar.“

Derek kom til landsins á sunnudagskvöld, ásamt fjármálastjóra fyrirtækisins, Richard Glanville og Meg Lustman, framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar. Þau munu á næstu dögum kynna íslenskum fagfjárfestum fyrirtækið. Derek segir þau viðbrögð sem þau hafi þegar fengið hafa verið afar jákvæð.

Gert er ráð fyrir að útboð til almennings verði 6. til 10. júní og félagið verði skráð á markað 21. júní. - hh

**Gengishagnaður mikill**

Tæpur milljarðs söluhagnaður af Sjóvá.

Íslandsbanki birtir þriggja mánaða uppgjör sitt í dag og er bankanum spáð mismiklum hagnaði af hinum bönkunum. Gengishagnaður af hlutabréfum vegur þyngst í afkomu fyrsta ársfjórðungs. Mestur hagnaður kemur til vegna sölu Sjóvá á ný prósentu eignarhlut í FL Group en hann nemur tæpum milljarði. Aðrir eignarhlutar sem hafa hækkað töluvert eru Straumur, KB banki og Burðarás.

- dh

**SPÁ UM AFKOMU ÍSLANDBANKA - Í MILLJÓNUM KRÓNA**

Landsbankinn	4.385
KB banki	3.470

**Glucomed**  
BYGGIR UPP LÍÐBRJÓSK

Fyrir fólk með liðkvilla vegna slitgigtar eða yfirálags

Fæst í apótekum

**Kauptu miða núna!**

**10**

**Ford Mustang**  
**bifreiðar í vinninga**

3 milljónir í skottið að auki ef þú átt tvöfaldan miða

Dregið 52 sinnum á ári um 705 skattfrjálsar milljónir!

Hringdu núna  
**561 7757**

Kiktu á netið  
**www.das.is**

**HAPPDRÆTTI**  
**das**  
-dregið í hverri viku

THOMAS HOOD  
(1799-1845)



*Að reyna að veita montnu fólki ráð,  
er eins og að flauta upp í vindinn.*

*Thomas Hood var breskt ljóðskáld sem þekktastur var fyrir gamansamar visur.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST

### Á sextánda sætið stefnum við

Íslenska þjóðin sat með öndina í hálsinum fyrir framan sjónvarpsskjái sína þann 3. maí árið 1986. Nú átti að taka söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með trompi með fyrsta framlagi Íslendinga í keppinni, Gleðibankanum. Í mörg ár höfðu Íslendingar lifað í þeirri trú að loks þegar þeir tækju þátt í Evróvisjón væri nánast formsatriði að vinna.

Skilyrði fyrir þátttöku var að viðkomandi land væri í gervihnattasambandi við umheiminn. Árið 1986 var komið að því að hægt var að sýna keppnina í beinni útsendingu.

Forkeppnin var haldin í sjónvarpinu og hafði lag Magnúsar Eiríkssonar sigur úr bítum en hann hafði þá um skeið verið einn vinsælasti dægurlagahöfundur landsins. Allt var gert til að búa lagið sem glæsilegast. Þrjú vinsælir söngvarar fluttu lagið. Þau Helga Möller, Pálmi Gunnarsson og Eiríkur Hauksson og kölluðu sig Lcy af því tilefni. Gífurlegur áhugi var á keppninni hér heima og sást varla hræða á ferli meðan á keppninni stóð.

Viða voru haldin samkvæmi til að fylgjast með sigurgöngu Gleðibankans. Vonbrigði íslensku þjóðarinnar urðu því gífurleg þegar lagið lenti í 16. sæti. Þrátt fyrir útreiðina sem lagið hlaut voru landsmenn fljótir að ná sér og hafa æ síðan verið bjartsýnir um sigur á hverjum ári. Sextánda sætið fylgdi landinu næstu tvö árin á eftir og má segja að það hafi unnið sér ákveðinn stað í hjörtum Íslendinga.



3. MAÍ 1986

## MERKISATBURÐIR

- 1943** Fjórtaf bandarískir hermenn farast er flugvél af gerðinni Boeing 24 brotlendir á Fagradalsfjalli á Reykjanesi. Meðal þeirra er yfirmaður alls herafla Bandaríkjanna í Evrópu.
- 1968** Fyrsta hjartaígræðslan í Bretlandi er framkvæmd. Hjartaþeginn dó 46 dögum síðar.
- 1970** Álver Íslenska álfélagsins hf. í Straumsvík er formlega tekið í notkun, en framleiðsla hófst árið áður.
- 1974** Menntamálaráðuneytið birtir auglýsingu um greinamerkjasetningu, þar sem kommu er fækkað, og aðra um stafsetningu.

## ANDLÁT

**Ingólfur Pálsson**, rafvirkjameistari, Réttarheiði 4, Hveragerði, lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði laugardaginn 30. apríl.  
**Sólveig Eiríksdóttir**, síðast til heimilis á Fellsenda í Dölum, andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi laugardaginn 30. apríl.  
**Sigríður Magnúsdóttir**, frá Bæ í Króksfirði, lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík föstudaginn 29. apríl.  
**Kristín María Hafsteinsdóttir**, kennari, lést á heimili sínu laugardaginn 30. apríl.  
**Unnur Guðmundsdóttir**, Stað, Reykhólasveit, lést þriðjudaginn 26. apríl.

## JARÐARFARIR

13:00 **Andrea Guðmundsdóttir**, frá Drangavík, Túni, Borgarbyggð, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.  
13:00 **Oddgeir Jóhannsson** skipstjóri, Þrastarnesi 22, Garðabæ, verður jarðsungen frá Dómkirkjunni.  
13:30 **Anna Sigríður Björnsdóttir**, Skólastíg 11, Akureyri, verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju.  
13:30 **Guðrún Sigurbjörg Sigurðardóttir**, Möðrufelli 11, Reykjavík. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði.  
14:00 **Eyjólfur Bjarnason**, frá Kyljuholti, verður jarðsungen frá Hafnarfjarðarkirkju.

## TÍMAMÓT: LEONARDÓ STARFSMENNTAÁÆTLUNIN 10 ÁRA

# Starfsnám á ennþá undir högg að sækja

Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins hóf göngu sína fyrir tíu árum á Íslandi og hefur veitt styrki til fjölmargra einstaklinga og verkefna á þeim tíma. „Áætlunin er liður í því að taka þátt með virkum hætti í Evrópusamstarfi og hefur gengið mjög vel,“ segir Ágúst H. Ingþórsson forstöðumaður Landsskrifstofu Leonardó á Íslandi. Áætlunin er tvíþætt, annars vegar tilrauna- og þróunarverkefni og hins vegar manna-skiptaverkefni þar sem fólk getur farið í styttri eða lengri ferðir erlendis í starfsþjálfun.

„1800 manns hafa fengið styrki frá okkur og á hverjum tíma eru í gangi 5 til 10 evrópsk tilraunaverkefni undir íslensku verkefnastjórn,“ segir Ágúst sem telur þennan aðgang íslensks starfsmenntakerfis að þróunarverkefnum mjög verðmætan.

Ágúst telur að áætlunin hafi opnað íslenskt menntakerfi, hins vegar hafi það ekki haft mikil kerfisáhrif. Starfsmenntun eigi ennþá undir högg að sækja, og ennþá sé meiri áhersla lögð á bóknám. Það verði því að bæta starfsnám enn meira og gera það vinsælla.

Haldið verður upp á tíu ára afmæli áætlunarinnar þann 19. maí í Ráðhúsi Reykjavíkur. „Við verðum með afmælispartí en ekki hefðbundna ráðstefnu,“ segir Ágúst en í tilefni afmælisins er efnt til samkeppni um útfærslu á hugmynd eftir Leonardo da Vinci. Einungis nemendur mega taka þátt í samkeppninni og má efniviður og vinna vera í hvaða formi sem er, til dæmis grafísk hönnun, smíðisgripur, hlutur úr súkkulaði, hárgreiðsla eða margmiðlunarverk. Ágúst segir nokkrar tillögur þegar komnar inn en skilafrestur er til 10. maí. Hann vonast þó sérstaklega eftir því að fá súkkulaðiskúptúr.



**ÁGÚST H. INGÞÓRSSON** Forstöðumaður Landsskrifstofu Leonardó á Íslandi. Ætlar að halda upp á afmæli áætlunarinnar í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem verðlaun verða veitt fyrir útfærslu á hugmynd eftir Leonardo da Vinci.

Í verðlaun fyrir bestu útfærsluna er ferð til Parísar fyrir tvo og dagskort í Louvre safnið þar sem

meðal annars er að finna Monu Lisu, frægasta verk listamannsins.

# Forsetavefurinn opnaður

Opnuð hefur verið heimasíða forseta Íslands á slóðinni forseti.is. Á síðunni eru margvíslegar upplýsingar um forsetann og verkefni hans, dagskrá, ræður og fleira. Þá er sagt frá samtökum sem forsetinn er verndari fyrir, fjallað um fálkaorðuna, fyrri forseta og Bessastaði.



www.hjarta.is • 535 1800



**FORSETI.IS** Á forsetavefnum má sjá að forsetinn flytur ræðu í Lundúnum í dag um velgengi Íslendinga í viðskiptum.

Nú á er liðin síðan Ólafur Ragnar Grímsson talaði um að opna heimasíðu forsetaembættisins og

var lénið forseti.is pantað í lok júlí 1996. Nú, tæpum níu árum síðar, er síðan orðin að veruleika.

Meðal þess sem lesa má um á síðunni er að í dag flytur forsetinn ræðu á fundi í Walbrook Club í Lundúnum. Nefnist hún: How to Succeed in Modern Business: Lessons from the Icelandic Voyage sem þýða má: Hvernig á að ná árangri í nútímavíðskiptum: Íslenska leiðin.

Forsetahjónin verða svo heiðursgestir í hátíðarkvöldverði Walbrook Club annað kvöld.

Einnig má sjá að forsetinn er verndari þrettán félaga og samtaka og veitir hann reglulega níu verðlaun og viðurkenningar. ■



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hörður F. Tryggvason**

Ytri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit,

lést á hjúkrunarheimilinu Seli laugardaginn 23. apríl. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Seli fyrir frábæra hjúkrun. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta hjúkrunarheimilið Sel njóta þess.

Elinborg Einarsdóttir, börn og fjölskyldur þeirra.

Dóttir mín,

**Sólveig Eiríksdóttir**

síðast til heimilis á Fellsenda í Dölum,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akranesi laugardaginn 30. apríl.

Fyrir hönd aðstandenda,

Bryndís Tómasdóttir.



Ástæðer eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jörundur Kristinsson**

skipstjóri, Foldasmára 11, Kópavogi,

sem lést á líknardeild LSH í Kópavogi sunnudaginn 24. apríl sl., verður jarðsungen frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 4. maí kl 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Auður Waagfjörð Jónsdóttir

Kristinn Jörundsson

Kristín Bára Jörundsdóttir

Jón Sævar Jörundsson

Alda Guðrún Jörundsdóttir

Anna Sigríður Jörundsdóttir

Jörundur Jörundsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Steinunn Helgadóttir

Eiríkur Mikkaelsson

Ríta Sigurgarðsdóttir

Jóhann G. Hlöðversson

Bjarni Kr. Jóhannsson

Áslaug Hreiðarsdóttir



# TÖLVUSKÓLINN ÞEKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík  
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215  
www.tsk.is • skoli@tsk.is

## Grafík og hönnun

### Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara námi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla. Kennend er notkun þriggja mest notuðu hönnunarforritanna; Photoshop, Freehand og Flash.



Hefst 11. maí og lýkur 8. júní.  
Kennt er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00.  
Verð kr. 65.000,- Allt kennsluefni innifalið.

### Vefsíðugerð I

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og þeim sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Þátttakendur læra myndvinnslu í Photoshop og búa til sína eigin heimasíðu í FrontPage.

Námskeiðið hefst 11. maí og lýkur 30. maí.  
Kennt er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00.  
Verð kr. 36.000,-  
Allt kennsluefni innifalið.

### Vefsíðugerð III – MySQL & ASP

Framhaldsnámskeið í hefðbundinni vefsíðugerð. Þátttakendur læra að tengja vefsíður við MySQL gagnagrunnsþjón og nota til þess hina vinsælu ASP tækni frá Microsoft. Ítarleg lýsing á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 19. maí og lýkur 4. júní.  
Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00.  
Verð kr. 42.000,-

### Vefforritun

Stutt og hagnýt þjálfun í forritun fyrir þá sem enga reynslu hafa af forritun. Á þessu námskeiði er farið vel í grunnþætti þriggja vinsælustu forritunarmála í vefsmíði, PHP, Javascript og VBScript. Ítarlega námslýsingu er að finna á vef skólans: [www.tsk.is](http://www.tsk.is).  
Hefst 11. maí og lýkur 24. júní.  
Kennt er þrjú kvöld í viku frá kl. 17.30 – 21.  
Verð kr. 86.000,-

### Stök námskeið að hefjast í maí:

- Word, 22 st.
- Excel, 22 st.
- Stafrænar myndavélar, 14 st.
- Photoshop, 21 st.
- FreeHand, 21 st.
- Flash, 21 st.
- InDesign, 25 st.
- Tölvuviðgerðir, 18 st.
- Öryggi tölvunnar, 9 st.
- PDF í Acrobat, 14 st.
- Navision bókhaldsnám, 21 st.

Síðustu  
námskeið  
vetrarins  
að hefjast



## Tölvunám

### Byrjendanámskeið

Vinsælt 60 stunda námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið. Á þessu námskeiði er allt sem byrjandi þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi á sérlega hagstæðu verði.

- Windows tölvugrunnur
- Word grunnur
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið kl. 8.30 - 12 eða kvöldnámskeið kl. 17.30 – 21.  
Kennsla hefst 10. maí og lýkur 16. júní.  
Verð kr 36.000, -

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst 60 stunda námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn til að byggja á eða einhverja reynslu af vinnu við tölvur en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni.

#### Kennslugreinar:

- Windows XP og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur og skipulag

#### Morgunhópur:

Kennt er á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 9 – 12.

#### Kvöldhópur:

Kennt er mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.

Kennsla hefst 9. maí og lýkur 8. júní.

Verð kr 38.000,



**Flestir fá stóran hluta námskeiðsgjaldsins endurgreiddan frá sínu stéttarfélagi. Kannaðu rétt þinn!**

## VAKTAVINNUFÓLK

Möguleiki er að skipta á milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.

Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; [www.tsk.is](http://www.tsk.is) og í netpósti á [skoli@tsk.is](mailto:skoli@tsk.is)



### Heyrst hefur ...

... að mikil pressa sé á Valsmönnum í Landsbankadeild karla fyrir sumarið. Það er mikill metnaður á Hlíðarenda og hafa menn þar á bæ lagt allt í sölurnar til að árangur náist. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að allt neðar en þriðja sætið í deildinni sé áfall og muni þýða að fjárhagslegum rekstri deildarinnar sé stefnt í hættu. Með öðrum orðum sé allt lagt undir sumarið.

**sport**  
sport@frettabladid.is

### DHL-DEILD KARLA Í HANDBOLTA: ÚRSLITARIMMA HAUKA OG ÍBV HELDUR ÁFRAM Í KVÖLD

## Eyjamenn eiga mikið inni og vinna

Önnur viðureign lokaúrslitanna í DHL-deildinni í handknattleik karla fer fram í Vestmannaeyjum í kvöld. Þar taka heimamenn í ÍBV á móti Haukum en fyrsta leik liðanna lauk með sigri Hauka, 31-30, eftir æsispennandi leik. Fréttablaðið fékk Óskar Bjarna Óskarsson, þjálfara Vals, til að spá í viðureign kvöldins. „ÍBV tekur þetta á heimavelli með fjórum mörkum, 27-23,“ sagði Óskar Bjarni. „Ég vil meina að leikmenn ÍBV eigi meira inni frá laugardegnum og þess vegna tel ég að þeir klári þennan leik.“

Óskar Bjarni segir að fyrsti leikurinn hafi nokkurn við þróast eins og við var að búast og það hafi í raun komið lítið á óvart að Haukar skyldu vinna leikinn. „Hann var nánast eins og ég hafði hugsað hann og ég held að þetta verði hörkueinvigi sem gæti farið í 5 leiki. Eyjamenn þurfa að stoppa þessi hraðauppplau sem eru eitt skæðasta vopn Haukana.“

Að mati Óskars Bjarna hefur Vígnir Svavarsson farið mikinn í úrslitakeppninni og ekkert sem bendir til þess að sú sigling sé á enda. „Síðan eiga Haukarnir Ásgeir [Órn Halgrímsson]

alveg inni. Í liði Eyjamanna finnst mér menn á borð við Roland Eradze eiga mikið inni en liðið þarf reyndar að fá fleiri mörk úr hraðauppplauum að mínu mati. Eyjamenn vinna leikinn í kvöld og munurinn mun hlaupa á nokkurn mörkum,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals.



### > Við mælum með ...

... að Íslendingar hópast fyrir framan sjónvarpstækin í kvöld og fylgist með Eiði Smára Guðjohnsen í beinni á Sýn þegar síðari leikur Chelsea og Liverpool í Meistaradeildinni fer fram. Eiður Smári gæti orðið fyrsti Íslendingurinn til að komast í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

### > Við tökum undir ...

... með forystu knattspyrnusambandsins sem hefur lýst yfir áhyggjum sínum með fjölda erlendra leikmanna í íslenska boltanum. Þessi þróun er alls ekki af hinu góða fyrir íslenska knattspyrnu og vart til þess fallin að skila okkur fleiri góðum knattspyrnumönnum.



## GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!



...einfaldlega betri!

SPARADU  
PENINGA



## DEKKJA LAGERINN

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

755 3355

Dekkjalagerinn er nú á 11 stöðum um land allt!

DEKKJA LAGERINN Skeifunni 3c 108 Reykjavík	DEKKJA LAGERINN Viðarhöfða 6 110 Reykjavík	DEKKJA LAGERINN Smíðjuvegur 6 200 Kópavogi	DEKKJA LAGERINN Melabraut 24 220 Hafnarfirði	DEKKJA LAGERINN Íðavöllum 8 230 Keflavík
DEKKJA LAGERINN Flugumýri 16 270 Mosfellsbæ	DEKKJA LAGERINN Sólbacka 8 310 Borgarnesi	DEKKJA LAGERINN Njarðarnesi 1 603 Akureyri	DEKKJA LAGERINN Miðási 23 700 Egilsstöðum	DEKKJA LAGERINN Vikurbraut 4 780 Höfn
DEKKJA LAGERINN Gagnheiði 13 800 Selfossi	FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK			



KLÁRIR Í SLAGINN Jose Mourinho var mættur á Anfield með leikmenn sína í gær og var með léttu æfingu fyrir leikinn í kvöld. Ef eitthvað er að marka brosið á andliti Eiðs Smára Guðjohnsen má ætla að hann sé að rifja upp þá staðreynd að hann er enskur meistari.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

## Ég er með betri leikmenn

Jose Mourinho er óttalaus fyrir leikinn gegn Liverpool í kvöld og segir Chelsea einfaldlega hafa á betra liði að skipa. Rafael Benitez segir Steven Gerrard vera lykilinn að góðri frammistöðu Liverpool í kvöld.

**FÓTBOLTI** „Steve er leikmaður sem getur breytt gangi leikja upp á eigin spýtur. Sjáid bara markið sem hann skoraði um síðustu helgi. Ef hann spilar vel þá spilar Liverpool vel,“ sagði Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, á blaðamannafundi sem haldinn var í gær.

Síðari leikur Liverpool og Chelsea í Meistaradeild Evrópu fer fram í kvöld, en eins og flestum fótboltaáhugamönnum ætti að vera kunnugt endaði fyrri leikurinn á Stamford Bridge með markalausum jafntefli. Aðspurður sagðist Benitez ekki telja sig vera að setja óþarfa pressu á Gerrard með yfirlýsingum sínum. „Hann er minn fyrirliði og veit að ég vænti mikils af honum.“

Jamie Carragher, sem átti frá-

bæran leik í fyrri leiknum, segir leikmenn Liverpool ætla að byggja á úrslitum fyrri leiksins. „Þeir eru taldir líklegri og það er allt gott og blessað með það. Það tekur pressuna af okkur,“ segir Carragher. Hann segist bera virðingu fyrir Chelsea vegna árangurs þeirra í vetur en minnir jafnframt á að Meistaradeildin sé önnur keppni þar sem stemmningin sé önnur.

„Við ætlum að stoppa þá í þessum leik. Við erum á heimavelli og höfum ómetanlegan stuðning á okkar bandi. Sjáid bara heimaleikina okkar gegn Olympiakos og Juventus. Andrúmsloftið á Anfield í þeim leikjum var með því besta í sögu Liverpool,“ segir Carragher.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea,

gefur lítið út á orð Carraghers og segir stuðningsmennina skipta engu máli. „Við eigum eftir að njóta stemningarinnar alveg jafn mikið. Pressan er öll á Liverpool og mér líður eins og við munum snúa aftur til London á miðvikudaginn sem hetjur. Þeir eru kannski á heimavelli en stuðningsmennirnir eru ekki inni á vellinum. Þar eru 22 leikmenn, 11 frá Chelsea og 11 frá Liverpool. Mínir 11 eru betri. Þess vegna mæti ég óhræddur í leikinn,“ sagði Mourinho.

vignir@frettabladid.is

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

30 1 2 3 4 5 6

### Þriðjudagur

#### LEIKIR

19.40 ÍBV og Haukar eigast við í Vestmannaeyjum í úrslitakeppni DHL-deildarinnar í handknattleik karla.

#### SJÓNVARP

- 16.45 Olíssport á Sýn.
- 18.00 UEFA Champions League.
- 18.30 Liverpool og Chelsea á Sýn. Bein útsending frá undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.
- 19.35 Íslandsmótið í handbolta á Rúv.
- 21.00 World Supercross á Sýn.
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 23.15 Liverpool og Chelsea á Sýn.

## VERTU Í KR-STÚKUNNI Í SUMAR

Á vofundi KR-klúbbsins sem haldinn verður miðvikudaginn 4. maí klukkan 20 hefst úthlutun stúkusetta til félaga í KR-klúbbum. Aðeins félagar í KR-klúbbum geta fengið föst sæti í stúkunni í sumar og hvetjum við KR-inga til að ganga í klúbbin.

Þetta nýja fyrirkomulag verður kynnt enn betur á fundinum. Einnig verður umræða um komandi keppnistímabil og dagskrá klúbbsins í sumar.



Á F R A M M K R !

Fyrirverandi knattspyrnumaður og dópinnflytjandi dæmdur í héraðsdómi:

FÓTBOLTAKEMPA  
NAUÐGÆÐI STULKU  
OG OFSOTTI  
FJÖLSKYLDU  
HENNAR

Davíð Gardarsson í tveggja ára fangelsi

DV – hefur þú séð DV í dag?



Norski boltinn:

## Brann sigr- aði Aalesund

**FÓTBOLTI** Einn leikur fór fram í norsku knattspyrnunni í gær þegar Brann lagði nýliða Aalesund að velli á útivelli, 1-3. Haraldur Guðmundsson lék allan leikinn fyrir Aalesund og slíkt hið sama gerði Ólafur Örn Bjarnason fyrir Brann. Kristján Örn Sigurðsson kom af bekknum og lék síðustu 19 mínútur leiksins fyrir Brann. -hbg

Arsenal-WBA:

## Fallslagurinn harðnar enn

**FÓTBOLTI** Arsenal treysti stöðu sína í 2. sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir sigur á WBA í gærkvöld, 2-0, með mörkum frá Robin van Persie og Edu. Stuðningsmenn WBA vonuðust eftir dýrmætum stigum úr viðureigninni en eru nú í næstneðsta sæti þegar tvær umferðir eru óleiknar. Eitt stig skilur að fjögur neðstu liðin. -esá



**ROBIN VAN PERSIE** Skoraði fyrra markið.

NBA-deildin í kórflu:

## Ben bestur í þriðja sinn

**KÖRFUBOLTI** Ben Wallace hjá Detroit Pistons var í gær valinn besti varnarmaður ársins í NBA-deildinni í kórfluboltanum en þetta er í þriðja sinn á fjórum árum sem Wallace vinnur þessi verðlaun. Wallace er nú ásamt Dikembe Mutombo eini leikmaðurinn í sögu NBA sem hefur verið útnefndur varnarmaður ársins þrisvar sinnum en að þessu sinni var Bruce Bowen hjá San Antonio Spurs annar og Marcus Camby hjá Denver í þriðja sæti. Wallace var eini leikmaður NBA-deildarinnar sem var meðal fimm efstu í bæði fráköstum (2. sæti) og vörðum skotum (5.). -óój

» Hyundai Getz  
Verð frá kr. 1.220.000  
Stóri smábíllinn frá Hyundai



## Geggjaður Getz

“Þessi er alveg ótrúlega léttur og auðveldur í akstri, fyrir utan það hvað hann er kraftmikill. Maður finnur strax muninn. Þá eru litirnir flottir og mælaborðið er töff. Þetta er líka sniðugur bíll með alveg ótrúlega mikinn staðalbúnað. Hann er t.d. með geislaspilara, ABS og meira að segja ISOFIX festingar. Og farangursrýmið er tvískipt. Alveg geggjaður bíll!”

**Hyundai Getz GLS 5 dyra, beinskiptur. Þú eignast hann fyrir kr. 1.320.000 Bilasamningur kr. 14.300 á mánuði m.v. 30% útborgun. Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla\*.**

**Kr. 14.300**  
